



# Félagsleg skilyrði og lífsgæði

Rannsókn á högum einstæðra foreldra á Ásbrú/Keili í Reykjanesbæ

Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir

**Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar**

---

Þriðja hefti

Október 2009

**Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd 2009**

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og höfundar 2009  
Öll réttindi áskilin.

ISBN: 978-9979-70-673-1

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)  
Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Útgáfustaður: Reykjavík

Útgáfuár: 2009

Prentun: Háskólaprent

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósritun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Útdráttur .....	3
1 Inngangur .....	4
2 Aðferð .....	9
3 Niðurstöður .....	12
3.1 Fjölskylduhagir .....	12
3.1.1. Nám og starf .....	15
3.2 Lífsaðstæður, þjónusta og heilsa .....	18
3.3 Búseta á Ásbrú .....	23
3.3.1 Frístundaiðkun og úrræði .....	26
3.3.2 Breytt umhverfi – breytt sýn á eigin getu .....	29
3.4 Barnafjölskyldur .....	30
3.4.1 Einstæðir foreldrar: samvistir foreldra og barna .....	32
3.5 Opnar spurningar .....	34
3.6 Persónuleg viðtöl .....	37
3.6.1 Skilnaðareynsla .....	41
4 Umræða og ályktanir .....	43
Heimildir .....	48

## Útdráttur

Rannsóknin beinist að félagslegum skilyrðum og lífsgæðum einstæðra foreldra sem búa á fyrrum varnarsvæði Nató á Keflavíkurflugvelli, Ásbrú, eða leggja stund á nám við Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Beitt var megindegri og eigindlegri aðferð. Spurningalisti með 43 spurningum um lífsgæði og fjölskylduaðstæður var lagður fyrir íbúa Ásbrúar og námsfólk Keilis. Af 604 manna þýði svöruðu alls 415, þ.e. 69% svarshlutfall. Einnig voru tekin persónuleg viðtöl við ellefu einstæðar mæður á Ásbrú.

Markmið rannsóknarinnar er að fá heildarmynd af lífsskilyrðum fjölskyldna á Ásbrú og gera þarfa- og úrræðagreiningu á aðstæðum þeirra sem stunda nám eða búa á svæðinu á tímum efnahagsþrenginga. Tilgangurinn er að afla vitneskju um lífsgæði einstæðra foreldra í samanburði við aðrar fjölskyldugerðir. Slíka þekkingu mætti hafa til grundvallar í endurskoðun á aðbúnaði og þjónustu.

Niðurstöður sýndu að um 60% allra þátttakenda eiga börn, 53% foreldranna höfðu slitið samvistum og einstæðir foreldrar voru næstalgengasta fjölskyldugerðin (21%) á eftir fólki í sambúð (30%). Einstæðir foreldrar voru sá hópur meðal barnafjölskyldna sem var í mestu námi; meiri hlutinn eða 85% stundaði að jafnaði fullt nám. Þá vinna einstæðir foreldrar samhliða námi í minnstum mæli af öllum fjölskyldugerðum. Svarendur úr kjarnafjölskyldu og einstæðir foreldrar hafa síst orðið fyrir seinkun í námi en þeir sem búa einir (einstaklingar) í mestum mæli. Um 47% þátttakenda úr kjarnafjölskyldum en lítill hluti, 6%, af einstæðum foreldrum, taldi að efnahagshrunið hefði ekki haft nein áhrif á sig. Rúmlega helmingur einstæðra foreldra taldi efnahagshrunið hins vegar hafa haft áhrif á lífsgæði barna sinna og rétt innan við 40% töldu hrunið hafa haft áhrif á fjölskyldulíf. Þessir þættir komu skýrar fram hjá einstæðum foreldrum en í öllum hinum fjölskyldugerðunum. Einstæðir foreldrar eru stærsti hópurinn (92%) sem segjast myndu nýta sér ráðgjöf eða meðferðarþjónustu sem stæði þeim til boða að kostnaðarlausu. Líðan og heilsa einstæðra foreldra virðist þegar á heildina er lítið lakari en heilsa þátttakenda í öðrum fjölskyldugerðum, en nánar tiltekið fundu þeir m.a. í frekari mæli en aðrir fyrir depurð, örvæntingu, ótta og viðkvæmni. Samvistamynstur barna við það foreldri sem það býr ekki hjá virðist breytast við myndun nýrrar fjölskyldugerðar.

# 1 Inngangur

Hér verður fjallað um rannsókn á lífsgæðum og fjölskylduaðstæðum námsfólks í Reykjanesbæ sem leggja stund á nám við *Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs*, og búa á fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurlflugvöll, Ásbrú. Megináhersla rannsóknarinnar beinist að einstæðum foreldrum, fjölskylduhögum þeirra og ytri aðstæðum. Hér skilgreinast einstæðir foreldrar, eða einforeldrisfjölskyldur, sem *fjölskylda þar sem foreldri býr eitt með barni eða börnum sínum*. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja annars vegar á spurningakönnun sem lögð var fyrir íbúa Ásbrúar og námsmenn Keilis og hins vegar á persónulegum viðtölum við ellefu einstæðar mæður búsettar á Ásbrú vorið 2009. Gagnasöfnun fór fram í maí-júní 2009.

Aðdraganda rannsóknarinnar má rekja til þeirrar öru fjölgunar sem orðið hefur á einstæðum foreldrum í Reykjanesbæ, en fram hefur komið að fjöldi einstæðra foreldra í sveitarfélaginu hefur tvöfaldast á sl. tíu árum. Árið 1998 voru einstæðar konur eða einstæðir karlar með börn 355 talsins en árið 2008 voru þau 647. Að sama skapi hefur orðið stórfelld fjölgun barna í Reykjanesbæ og á sl. tveimur árum fór fjöldi leikskólabarna út 658 í 855 en um helming þessarar fjölgunar má rekja til háskólasamfélagsins á Ásbrú. Mannfjöldi í einstæðum fjölskyldum var um 8% af heildaríbúafjölda í Reykjanesbæ árið 1998 en árið 2008 var fjöldi í einstæðum fjölskyldum orðin tæp 13% (Hagstofan Íslands, e.d.; Árni Sigfússon, 2009).

Ásbrú er nafnið á fyrrum varnarsvæði Nató sem staðsett er við Keflavíkurlflugvöll. Þróunarfélag Keflavíkurlflugvallar ehf. (Kadeco) var stofnað eftir að bandaríski herinn yfirgaf herstöðina í október árið 2006 eftir tæplega 60 ára dvöl á Reykjanesi. Tilgangurinn með stofnun Kadeco var að koma þessu byggðarlagi, sem er nú í eigu forsætisráðuneytisins, í borgaraleg not og því var byggt þar upp háskólasamfélag. Á svæðinu hefur *Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs* aðsetur. Háskóli Íslands ásamt fjölda öflugra fyrirtækja komu að stofnun Keilis vorið 2007. Þar er starfrækt Háskólabrú, sem er undirbúningsnám fyrir háskólanám, sem og fjögur sértæk námssvið, þ.e. Heilsu- og uppeidisskóli, Orku- og tækniskóli, Samgöngu- og öryggisskóli og Skóli skapandi greina. Keilir hefur vaxið sífellt og nú, tæpum tveimur árum frá stofnun skólans, eru þar um fimm hundruð nemendur. Fyrra íbúðarhúsnæði á svæðinu hefur verið nýtt í uppbyggingu húsnæðis fyrir námsfólk, Kampus. Þar búa nú tæplega 2000 manns, namar og fjölskyldur þeirra, í rúmlega 700 íbúðum sem Keilir hefur til útleigu. Íbúafjölgun í Reykjanesbæ hefur verið gríðarleg undanfarin ár en á fjórum árum hefur íbúum þar

fjölgað um 26% (Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, 2009). Hér verður ekki fjallað sérstaklega um uppbyggingu samfélagsins Ásbrú en þó er vert að upplýsa um að lögð er sérstök áhersla á að gera námsumhverfið sem hagstæðast, m.a. með hagstæðu leiguverði. Fram hefur komið að hagstæðasta leiguverð á íbúðum fyrir námsmenn, haustið 2009, er hjá Keili á Ásbrú en þar er leigan 30-50% lægri en á höfuðborgarsvæðinu og um 20% lægri en á Bifröst. Hjá Keili eru greidd skólagjöld fyrir hvert misseri og sem dæmi eru skólagjöld Háskólabrúar haustið 2009 á bilinu 435.000-585.000 kr. á ári (Keilir, e.d.).

Tilgangur rannsóknarinnar er að afla vitneskju um lífsskilyrði þessa hóps sem búsettur er á Ásbrú eða stundar nám við Keili, og skoða hvernig einstæðir foreldrar eru staddir samanborið við einstaklinga úr öðrum fjölskyldugerðum, s.s. kjarnafjölskyldum og stjúpjölskyldum. Í því sambandi er sérstakur gaumur gefinn að fjárhagsstöðu, félags- og fjölskylduneti, tilfinningalegri líðan og andlegri heilsu einstæðra foreldra. Þá er skoðað hvernig þessi hópur skilgreinir þarfir sínar og yfir hvaða úrræðum hann býr. Ásbrúarsvæðið hefur þótt hagkvæmur kostur varðandi búsetu, menntun og uppeldisskilyrði. Því var áhugavert að skoða hvort slíkar aðstæður og sá stuðningur sem í boði er skili auknum lífsgæðum til einstæðra foreldra og barna þeirra, og hvort þær kynnu að opna þeim öðruvísi möguleika til sjálfsefingar en fyrri rannsóknir hafa bent til að þeir eigi kost á. Jafnframt kynnu niðurstöður að koma að gagni við endurskoðun skipulagsins og þróun þjónustu fyrir þær fjölskyldur sem þar búa.

Einstæðir foreldrar og börn þeirra eru áhættuhópur hvað snertir veika stöðu á atvinnumarkaði, í húsnæðismálum og félagslega. Því getur skipt miklu að gefa gaum að þessum hópi sérstaklega nú á tímum efnahagsþrenginga. Fjölskyldurannsóknir hafa m.a. leitt í ljós hvaða margvíslegar afleiðingar samfélagslegur vandi eins og fjárhagskreppa geta haft fyrir fjölskyldur og hvernig þær birtast. Tekjumissir getur t.d. leitt til hjónabandserfiðleika og jafnvel skilnaðar og fram hefur komið að fjárhagserfiðleikar geta haft svipaðar afleiðingar í einforeldrisfjölskyldum en þá fyrir samband foreldris og barns/barna. Vissir álagsþættir og viðvarandi streita ásamt röskun á því sem áður veitti öryggi geta átt sinn þátt í samskiptaerfiðleikum og sundrung í fjölskyldum (Brandon & Fisher, 2001). Félagssleg aðstoð og hagstætt umhverfi virðast geta skipt sköpum fyrir einstæða foreldra. Fram hefur komið að í samfélögum með öflugt velferðarkerfi eru minni líkur á að börn einstæðra foreldra þurfi að alast upp annars staðar en hjá foreldri sínu sökum fátæktar. Tekjulitlir einstæðir foreldrar þurfa gjarnan að treysta á

meðlagsgreiðslur og fjárhagsaðstoð til þess að sjá börnum sínum farborða og til þess að tryggja heilsu og lífsgæði þeirra (Cook, Davis & Davies, 2007). Jafnframt getur sú félagslega þjónusta, stuðningur og ráðgjöf sem í boði er í hverju samfélagi haft mikil áhrif á velferð barna einstæðra foreldra og hversu vel þeim tekst að búa börnum sínum eðlilegt og mannsæmandi líf.

Fyrir hendi eru niðurstöður bæði erlendra og íslenskra rannsókna á högum einstæðra foreldra og uppeldisaðstæðum barna eftir fjölskyldugerð. Í nýlegri samanburðarrannsókn (Hernandez, Aranda & Ramírez, 2009) á heilsu og lífsgæðum einstæðra mæðra annars vegar og mæðra úr kjarnafjölskyldum hins vegar kom fram að lífsgæði einstæðra mæðra eru lakari. Þær hafa bæði hlutfallslega minni tekjur heldur en mæður í kjarnafjölskyldum, menntunarstig þeirra er lægra og þær þjást freka af þunglyndi eða öðrum andlegum kvillum. Þessar niðurstöður gefa til kynna að einstæðar mæður eigi erfiðar uppdráttar í samfélaginu og séu í lakari stöðu sem aðal fyrirvinna heimilisins heldur en mæður úr kjarnafjölskyldum. Önnur eldri rannsókn (Cairney, Boyle, Offord & Racine, 2003) sýndi að samanborið við giftar mæður voru einstæðar mæður líklegri til að hafa á sl. 12 mánuðum upplifað þunglyndi eða deyfð, þjást í meiri mæli af viðvarandi einkennum langtíma streitu og hafa upplifað meira mótlæti í lífinu. Einstæðar mæður skynja einnig minni félagslegan stuðning, minni félagslega þátttöku og minni tengsl við vini og fjölskyldu heldur en giftar mæður. Þegar tveir þættir félagslegra erfiðleika eins og fátækt og fjölskyldugerð (einstæð móðir) eru komin saman ásamt með skorti á stuðningi kann það að leiða til mögnunar eða samlegðaráhrifa sem draga úr bjargráðum og sjálfsbjargarkrafti fjölskyldunnar til þess að takast á við mótlæti í lífinu. Einstæðar mæður eiga því gjarnan á hættu að lenda í langvarandi fátækt og þurfa að treysta alfarið á velferðarkerfið (Musick & Mare, 2006). Niðurstöður þessara rannsókna ber að sama bruni hvað snertir veika stöðu einstæðra mæðra. Félagslegir álagsþættir í lífi þeirra virðast hafa áhrif á andlega heilsu þeirra og svo virðist sem fjárhagslegir erfiðleikar og fátækt í slíkum fjölskyldum hafi þar mest áhrif.

Niðurstöðum íslenskra rannsókna ber saman við niðurstöður þeirra erlendu um að einforeldrisfjölskyldur (einkum einstæðar mæður) eigi meira undir högg að sækja en aðrar barnafjölskyldugerðir. Í nýlegri skýrslu nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum á Íslandi sem unnin var á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytisins (2009) kemur m.a. fram að uppeldisaðstæður og velferð íslenskra barna tengist fjölskyldugerð þeirra. Íslenskum rannsóknaniðurstöðum ber

saman um að börn einstæðra foreldra búi þannig við lakari lífsgæði en börn sem búa með báðum foreldrum (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir, og Sigurður J. Grétarsson, 1995). Einnig hefur komið fram að börnum sem búa hjá öðru foreldri líði ekki eins vel og þau séu ekki eins vel félagslega aðlöguð og börn sem búa hjá báðum foreldrum (Benedikt Jóhannsson, 2007). Augljós munur er á tekjum, en tekjur einstæðra foreldra eru oftast óhagstæðar miðað við vinnutíma. Einnig hefur komið fram að um þriðjungur einstæðra foreldra lifa við fátæktarmörk en aðeins 5% foreldra í hjónabandi (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009). Þá vinna einstæðir foreldrar hlutfallslega fleiri stundir í viku heldur en foreldrar í öðrum fjölskyldugerðum og eru því meira fjarri heimilinu og undir meira álagi. Einstæðir foreldrar hafa oft lélegan bílakost eða jafnvel ekki bíl til umráða, þeir þurfa í frekari mæli á fjárhagsaðstoð að halda og búa oftast við misgóðar og ótraustar húsnæðisaðstæður. Einnig stríða þeir oft við margvíslegan heilsubrest og álagseinkenni í meira mæli en foreldrar í öðrum fjölskyldugerðum (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 1995; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000; Sigrún Júlíusdóttir, 2007).

Í fyrrnefndri skýrslu á vegum félagsmálaráðuneytisins er komið inn á gildi menntunar fyrir einstæða foreldra og hversu mikilvægur þáttur menntun er í afkomu þeirra. Það getur verið erfitt fyrir einstæða foreldra sem vilja mennta sig að fylgja því eftir, sérstaklega hjá þeim sem lítinn stuðning eða bakland hafa. Það má því oft lítið út af bera til að námsáætlanir raskist eða jafnvel stöðvist. Námi fylgir oft mikið álag og vinna sem rímar illa við heimilisaðstæður þeirra sem eru einir með börn. Félagslegur sem og fjárhagslegur stuðningur við foreldra í námi er mikilvægur og í raun undirstaða þess að einstæðir foreldrar geti stundað nám og lokið því (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009).

Í niðurstöðunum sem kynntar eru hér á eftir um hinar sérstöku aðstæður einstæðra foreldra sem búa á Ásbrú/Keili er sérstaklega fjallað um þessi atriði. Einnig er reynt að bera þau saman við fyrri rannsóknir um aðstæður einstæðra foreldra.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Sigrún Júlíusdóttir sem stýrði rannsókninni í nánú samstarfi við Sólveigu Sigurðardóttur meistaranema í félagsráðgjöf. Áætlun um rannsóknina var tilkynnt til *Persónuverndar* áður en til framkvæmdar kom. Sólveig Sigurðardóttir hlaut styrk úr *Nýsköpunarsjóði námsmanna* til verkefnisins. Rannsóknin var auk þess styrkt af *Rannsóknasjóði Háskóla Íslands* og *Aðstoðarmannasjóði*.



Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands aðstoðaði við framkvæmd rafrænnar spurningakönnunar. *Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd* veitti styrk í formi aðstoðar við tölvuvinnslu og frágang handrits. Höfð var nán samvinna og samráð við starfsfólk á Keili/Ásbrú og félagsþjónustu Reykjanesbæjar, bæði um undirbúning og framkvæmd rannsóknarinnar. Þessum aðilum og öðrum sem aðstoðuðu við frágang þessarar ritsmíðar eru færðar bestu þakkir.

## 2 Aðferð

Rannsóknin nær til námsmanna Keilis og íbúa Ásbrúar. Annars vegar er beitt megindegri aðferð þar sem þátttakendur svöruðu rafrænni könnun og hins vegar eigindlegri þar sem tekin voru ellefu viðtöl við einstæðar mæður um fjölskylduaðstæður þeirra og lífsgæði (sjá fylgiskjöl 1 og 2). Markmið rannsóknarinnar er að fá heildarmynd af lífsgæðum fjölskyldna á Ásbrú og gera þarfa- og úrræðagreiningu á aðstæðum einstæðra foreldra sem stunda nám eða búa á svæðinu á tímum efnahagsþrenginga. Tilgangurinn með því að afla slíkrar þekkingar er að hún geti dregið úr líkum á auknum áhrifum áhættuþátta sem fyrir eru. Einnig er gert ráð fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar varpi þannig ljósi á aðstæður einstæðra foreldra að hafa megi þær að leiðarljósi við félagslega stefnumótun og endurskoðun á þjónustuúrræðum í málefnum þessa notendahóps. Þannig kynnu þær jafnframt að geta orðið til gagns fyrir þátttakendur rannsóknarinnar. Rannsóknarspurningin er tvíþætt: (1) *Hvað einkennir lífsgæði og fjölskylduaðstæður íbúa Ásbrúar og námsmanna Keilis?* (2) *Eflast einstæðir foreldrar sem fá tækifæri og stuðning frá samfélaginu í eigin bjargráðum?* Áætlun um rannsóknina var tilkynnt til *Persónuverndar* en ekki þurfti leyfi þar sem starfsfólk Keilis sá um útsendingu nafnalista úr sínum skráum.

Rannsóknin náði til námsmanna sem stunda nám við Keili eða eru búsettir á Ásbrú. Í þessu felst að þátttakendur rannsóknarinnar tilheyra allir einhverjum af þremur eftirfarandi hópum; (i) þeim sem eru búsettir á Ásbrú en stunda ekki nám við Keili, (ii) þeim sem stunda nám við Keili en búa ekki á Ásbrú, og að lokum (iii) þeim sem eru bæði búsettir á Ásbrú og stunda nám við Keili. Rafræn könnun var send út samkvæmt nemendalista Keilis og íbúalista Ásbrúar. Þegar búið var að taka út þá sem féllu úr námi eða útskrifuðust á liðnu misseri, óvirk netföng og tvítekin nöfn var heildarfjöldinn 604 einstaklingar. Jafnframt voru gerðar þrjú próf á einstaklingum í flugtengdu ??? námi en þar eð fáir þeirra notuðu netföng frá Keili var ákveðið að taka þann hóp út úr rannsókninni. Af 604 svöruðu alls 415 einstaklingar sem samsvarar 69% svarshlutfalli.

Svör frá körlum eru 31% af heildarfjölda svara en frá konum 69% (Sjá töflu 1). Þátttakendur voru á aldrinum 19 ára til 69 ára en mikill meirihluti eða rúmlega 86% þeirra voru 38 ára og yngri (sjá töflu 2).

Tafla 1 Kyn þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall	Gilt hlutfall
Karl	127	30,6	30,7
Kona	287	69,2	69,3
Svara ekki um kyn	1	0,2	
Samtals	415	100,0	100,0

Tafla 2 Fæðingarár þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall	Gilt hlutfall
1940-1960	12	2,9	3,0
1961-1970	43	10,4	10,6
1971-1980	169	40,7	41,8
1981-1990	180	43,4	44,6
Svara ekki	11	2,7	
Samtals	415	100,0	100,0

Spurningalisti var unninn í maí 2009 og varð hann samtals 43 spurningar (sjá fylgiskjal 1). Athygli er einkum beint að atriðum er snerta lífsgæði og fjölskylduaðstæður íbúa Ásbrúar eða námsfólks Keilis. Fyrsti hlutinn er 20 spurningar um bakgrunn þátttakenda, samræmingu fjölskyldulífs og náms, heilsu, áhrif efnahagshruns á lífsaðstæður og réttindi og þjónustu. Annar hluti er 16 spurningar sem snúa að búsetu þátttakanda á Ásbrú (en aðeins þeir sem eru búsettir þar svara þeim spurningum), spurt er um ástæðu fyrir vali á búsetu á Ásbrú, viðhorf til svæðisins og þeirrar þjónustu sem þar er í boði og hvað sé öðruvísi við að búa þar en annars staðar. Þriðji hluti spurningalistans er fjórar spurningar sem snúa að barnafólki, þ.e. um fjölda barna, barnagæslu og samvistir foreldra og barna eftir skilnað. Fjórði og síðasti hlutinn er aðeins ætlaður námsmönnum Keilis, en þar eru þrjár spurningar um þá þætti sem gera námið við Keili sérstaklega hagstætt eða erfitt fyrir viðkomandi.

Spurningalistinn var forprófaður af átta aðilum frá Keili, Reykjanesbæ og Háskóla Íslands í lok maí 2009. Rannsóknin var kynnt með kynningarbréfi (sbr. fylgiskjal 3) sem sent var til þátttakenda í tölvupósti viku áður en könnunin fór af stað. Könnunin sem var á rafrænu formi var þannig gerð úr garði að svör eru ekki rekjanleg og nafnleynd tryggð. Þátttakendum var frjálst að sleppa þeim spurningum sem þeir ekki vildu svara. Fyllsta trúnaðar var gætt við úrvinnslu gagna. Könnunin var upphaflega send út 29. maí og henni lokið 29. júní 2009. Þrjú ítrekunarbréf með tengil í könnunina voru send rafrænt til þátttakenda og einnig sendi námsráðgjafi Keilis tölvupóst og hvatti nemendur og íbúa til þess að svara könnuninni. Sent var lokabréf þar sem þátttakendum var þakkað fyrir þátttöku og öðrum gefið síðasta tækifæri til þess að svara. Í ljós kom að sá tími sem

könnunin var í framkvæmd reyndist ekki sá heppilegasti þar sem flestir námsmenn höfðu ný lokið prófum, voru að hefja sumarvinnu annars staðar eða fara í sumarfrí. Því voru þátttakendur lengi að taka við sér og svara tölvupósti en þó tókst á mánaðartíma að ná vel viðunandi svarshlutfalli, þ.e. tæpum 69%.

Tekin voru hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við ellefu einstæðar mæður sem búsettar eru, eða voru síðastliðið námsár, á Ásbrú. Þær lögðu allar stund á nám sl. misseri, nú við Keili og tvær við Háskóla Íslands. Viðtölunum var ætlað að dýpka og auka skilning á lífsgæðum og aðstæðum einstæðra mæðra sem búa í háskólasamfélagi og stunda nám. Námsráðgjafi Keilis sá um val á þátttakendum, samkvæmt beiðni umsjónarmanna rannsóknarinnar, og var horft til þess að fjölskyldugerðin væru sú umbeðna, mæðurnar byggju á svæðinu og væru í námi. Viðtölin fóru fram í Keili og Háskóla Íslands dagana 1. og 2. júlí 2009. Þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki áður en viðtölin fóru fram og gáfu leyfi fyrir því að þau væru hljóðrituð. Í viðtalinu var annars vegar spurt um reynsluna af búsetu á Ásbrú, hvaða þjónustu mæðurnar nýta sér á svæðinu, frístundir þeirra og heilsu. Hins vegar voru þær spurðar um fjölskylduaðstæður, skilnað þeirra við barnsföður sinn, hagi barns/barna þeirra, samvistamynstur og kynslóðatengsl í fjölskyldunni.

Til þess að bera saman hvort tölfræðilega marktækur munur er á hópum er reiknað kí-kvaðrat próf í krosstöflum. Prófið gefur þó aðeins til kynna hvort munur sé á milli hópa en segir ekkert til um styrk sambandsins. Vikmörk eru reiknuð miðað við 95% öryggismörk. Í niðurstöðunum hefur verið merkt með stjörnu undir þær krosstöflur þar sem marktækur munur fannst á milli hópa. Ein stjarna (\*) merkir að tengslin séu marktæk miðað við  $p < 0,05$ , þ.e. að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun. Tvær stjörnu (\*\*) þýða að  $p < 0,01$ , og þrjár stjörnur (\*\*\*) að  $p < 0,001$ . Í þeim krosstöflum þar sem engar stjörnur eru sýndar er ekki tölfræðilega marktækur munur á hópum.


### 3 Niðurstöður

Hér á eftir er sagt frá niðurstöðum rannsóknar í myndum, töflum og texta. Fyrst er fjallað um niðurstöður rafrænnar könnunar eftir efnispáttum, bæði úr lokuðum og opnum spurningum, síðan er gerð grein fyrir viðtalshlutanum.

#### 3.1 Fjölskylduhagir

Í könnuninni svöruðu þátttakendur spurningum um eigin fjölskylduhagi. Spurt var hver fjölskyldugerð þátttakenda væri um þessar mundir og þeir síðan flokkaðir eftir fjölskyldugerðinni: *(I) Kjarnafjölskylda*: Ég, maki og sameiginleg börn/barn okkar. *(II) Einstæðir foreldrar*: Ég og barn/börn. *(III) Stjúpfjölskylda*: Ég, maki og mín börn/börn maka; Ég, maki, sameiginlegt barn/börn okkar og barn/börn af fyrra sambandi. *(IV) Barnlaust par*: Ég og maki. *(V) Einstaklingar*: Ég.

Á mynd 1 má sjá skiptingu svarenda eftir fjölskyldugerð. Um 30% þátttakenda tilheyrðu kjarnafjölskyldu, 21% voru einstæðir foreldrar, 16% í stjúpfjölskyldum, tæp 17% í barnlausu pari og um 16% þátttakenda flokkast sem einstaklingar. Ef skoðuð er, til samanburðar, almenn skipting í samfélaginu eftir fjölskyldugerð sl. 10 ár kemur fram að um 26% þjóðarinnar (18 ára og eldri) eru í barnlausu pari, rétt innan við 30% tilheyra kjarna- eða stjúpfjölskyldu (en ekki er greindur munur þar á), 35% kvenna og 46% karla eru einhleyp og að lokum eru 10% kvenna einstæðar mæður og 1% karla eru einstæðir feður (Landshagir, 2008). Hér er tekið mið af allri þjóðinni og skilgreiningar nokkuð aðrar en eigi að síður má álykta að hér er hlutfall einstæðra foreldra mun hærra en á landsvísu.



Mynd 1. Skipting svarenda eftir fjölskyldugerð


Ef horft er til kynjaskiptingar svarenda eftir fjölskyldugerð (sjá töflu 3) má sjá að í hópi svarenda sem tilheyra fjölskyldugerðinni einstæðir foreldra eru 90% konur en aðeins 10% karlar. Í hópi einstaklinga er kynjahlutfallið töluvert annað en þar eru karlar í meirihluta, 55% á móti 45% kvenna. Kynjaskipting svarenda í kjarnafjölskyldu, stjúpfjölskyldu og hjá barnlausu pari er nokkuð svipuð en þar eru um það bil 30% karlar og 70% konur.

Tafla 3 Kynjaskipting svarenda eftir fjölskyldugerð

	Karl %	Kona %	Fjöldi
Kjarnafjölskylda	31,2	68,8	125
Einstæðir foreldrar	10,3	89,7	87
Stjúpfjölskylda	31,8	68,2	66
Barnlaust par	30,0	70,0	70
Einstaklingur	55,4	44,6	65
Samtals	30,5	69,5	413

\*\*\*marktækur munur  $p < 0,001$

Til þess að fá hugmynd um húsnæðisaðstæður fjölskyldna í rannsókninni voru þátttakendur spurðir um fjölda svefnherbergja í því húsnæði sem þeir bjuggu í þegar könnunin var lögð fyrir. Á mynd 2 má sjá fjölda svefnherbergja skipt eftir fjölskyldugerð. Einstaklingar og barnlaus pör voru í yfir 80% tilvika með 1-2 svefnherbergi. Einstæðir foreldrar og stjúpfjölskyldur í rannsókninni voru í 53% tilvika með 3-4 svefnherbergi og kjarnafjölskyldur í 59% tilvika.



\*\*\*marktækur munur  $p < 0,001$

Mynd 2. Fjöldi svefnherbergja eftir fjölskyldugerð


Þegar fjöldi svefnherbergja er greindur eftir fjölda barna undir 18 ára aldri á heimilinu kemur fram að því fleiri börn sem eru á heimilinu því fleiri svefnherbergi (sjá töflu 4).

Tafla 4 Fjöldi svefnherbergja eftir fjölda barna á heimilinu

	Ekkert barn %	1 barn %	2 börn %	3 börn eða fleiri %	Fjöldi
Ekkert svefnherbergi	33,3	33,3	25,0	8,3	12
1-2 svefnherbergi	59,0	36,6	3,8	0,5	183
3-4 svefnherbergi	15,0	22,5	43,1	19,4	160
5 eða fleiri svefnherbergi	4,2	4,2	29,2	62,5	24
Samtals	36,1	28,5	22,7	12,7	379

\*\*\*marktækur munur  $p < 0,001$

Meirihluti þátttakenda átti bíl (89%). Það voru helst einstaklingar án barna sem áttu ekki bíl (23%) og svo einstæðir foreldrar (15%) sem standa þó nokkuð svipað og foreldrar í stjúpfjölskyldum (13%). Tæplega 97% svarenda úr kjarnafjölskyldu áttu bíl og stendur sá hópur því best hvað varðar bílakost (sjá mynd 3).



Mynd 3. Átt þú bíl? Flokkað eftir fjölskyldugerð

### 3.1.1. Nám og starf

Rétt innan við helmingur svarenda stundaði nám við Keili á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir, en þar af voru flestir í undirbúningsnámi fyrir háskólanám á Háskólabrú eða um 39% svarenda, tæp 7% stunduðu annað háskólanám við Keili (sjá töflu 5). Ríflega helmingur (55%) svarenda stundaði nám annars staðar.

Tafla 5 Hvaða nám stundar þú?

	Fjöldi	Hlutfall %	Gilt hlutfall
Háskólanám við Keili+	26	6,3	6,6
Keilir Háskólabrú	151	36,4	38,6
Annað nám	214	51,6	54,7
Svara ekki	24	5,8	
Samtals	415	100,0	100,0

+ Frumkvöðlanám, Einkapjálfa o.s.frv.

Af þeim sem stunduðu ekki nám við Keili lögðu flestir stund á nám við Háskóla Íslands eða tæplega 57% (sjá töflu 6).

Tafla 6 Nám þeirra sem ekki stunda nám við Keili

	Fjöldi	Hlutfall %	Gilt hlutfall
HÍ	114	27,5	56,7
HR	22	5,3	10,9
HA	11	2,7	5,5
Framhaldsskólanám	16	3,9	8,0
Annað	38	9,2	18,9
Alls	201	48,4	100,0
Á ekki við	214	51,6	
Samtals	415	100,0	




Af barnafjölskyldum (þ.e. einstæðir foreldrar, stjúp- og kjarnafjölskyldur) voru einstæðir foreldrar sá hópur sem stundaði einna helst fullt nám, 85% svarenda í þeim hópi stunduðu 75-100% nám. Rúmlega 77% svarenda í stjúpfjölskyldu stunduðu 75-100% nám, en 69% svarendur í kjarnafjölskyldu voru í fullu námi (sjá töflu 7).

Tafla 7 Hlutfall náms eftir fjölskyldugerð

	100%	75-99%	25-74%	Minna en 25%	Fjöldi
Kjarnafjölskylda	57,6	11,2	20,0	11,2	125
Einstæðir foreldrar	72,4	12,6	10,3	4,6	87
Stjúpfjölskylda	65,2	12,1	7,6	15,2	66
Barnlaust par	78,6	7,1	1,4	12,9	70
Einstaklingur	76,6	4,7	9,4	9,4	64
Allir	68,4	10,0	11,2	10,4	412

\*\*marktækur munur  $p < 0,01$


Svarendur voru spurðir hvort þeim hefði seinkað í námi og sögðust 31% hafa orðið fyrir einshvers konar seinkun (sjá mynd 4). Þegar seinkun á námi er skoðuð eftir fjölskyldugerð má sjá að einstaklingar hafa helst orðið fyrir seinkun í námi (42%) og að foreldrar í kjarnafjölskyldu (24%) og einstæðir foreldrar í rannsókninni (29%) hafa orðið fyrir minnstu seinkuninni.



Mynd 4. Hefur þér seinkað í námi? - flokkað eftir fjölskyldugerð


Þeir sem sögðu sér hafa seinkað í námi voru spurðir um meginástæðu fyrir seinkuninni og höfðu þau kost á að merkja við það sem við átti (sjá mynd 5). Helstu ástæður svarenda fyrir seinkun í námi var annars vegar launavinna (33%) og hins vegar

fjárhagserfiðleikar (33%). Einnig voru barneignir nokkuð algeng ástæða (29%) og aðeins færri sögðu að það væri of mikið álag að sinna námi og fjölskyldu (24%). Um 23% sögðu meginástæðu fyrir seinkun í námi vera að þau stóðust ekki próf og sama hlutfalli svarenda seinkaði vegna eigin veikinda.




Mynd 5. Megin ástæður svarenda fyrir seinkun í námi

Rétt innan við helmingur svarenda stundaði vinnu samhliða námi, eða 47% (sjá mynd 6). Einstæðir foreldrar stunduðu síst vinnu með námi (37%) og einstaklingar í mestum mæli (58%). Af þeim sem stunduðu vinnu með námi voru flestir í dagvinnu (55%).



Mynd 6. Stundar þú vinnu samhliða námi? - flokkað eftir fjölskyldugerð

Þátttakendur voru spurðir um hversu auðvelt eða erfitt þeim þætti að samræma fjölskyldulíf og nám. Í heildina töldu tæplega 37% svarenda það vera frekar eða mjög auðvelt, 35% sögðu hvorki né, og tæp 29% töldu frekar eða mjög erfitt að samræma fjölskyldulíf og nám (sjá mynd 7). Nokkur munur var á svörum eftir fjölskyldugerð. Barnlaus pör (54%) og einstaklingar (46%) voru í þeim hópi sem þótti hvað auðveldast að samræma fjölskyldulíf og nám en stjúpfjölskylda (41%) og einstæðir foreldrar (36%) voru þeir sem þótti það einna erfiðast.




\*\*\*marktækur munur  $p < 0,001$

Mynd 7. Hversu auðvelt eða erfitt er að samræma fjölskyldulíf og nám

### 3.2 Lífsaðstæður, þjónusta og heilsa


Svarendur voru spurðir um hvernig áhrif efnahagshrunið hefði haft á þeirra lífsaðstæður. Þeim var frjálst að merkja við fleiri en einn möguleika ef slíkt átti við. Á mynd 8 má sjá þá flokka sem settir voru fram við þessa spurningu. Algengast var að efnahagshrunið hafði haft áhrif á fjárhag svarenda (73%). Einnig var töluvert um að það hafi haft áhrif á líðan svarenda (51%) en minni áhrif á fjölskyldulíf og nám. Rétt tæplega 12% þátttakenda töldu efnahagshrunið ekki hafa haft nein áhrif á sig. Þá töldu tæp 19% að efnahagshrunið hefði haft áhrif á lífsgæði barnanna eða einhver önnur áhrif.

Þegar ákveðnir þættir voru greindir eftir fjölskyldugerð kom í ljós að fjölskyldugerð virðist skipta nokkru máli fyrir reynslu þátttakenda af efnahagshruninu. Aðeins 6% einstæðra foreldra töldu efnahagshrunið ekki hafa haft nein áhrif á sig en hins vegar voru 47% svarenda úr kjarnafjölskyldu sem töldu svo ekki vera. Svarendur úr stjúpjölskyldum töldu í 11% tilvika efnahagshrunið ekki hafa haft nein áhrif á sig. Um 52% einstæðra foreldra töldu efnahagshrunið hafa haft áhrif á lífsgæði barnanna en 33% úr kjarnafjölskyldum og aðeins 14% úr stjúpjölskyldum. Rúmlega 37% einstæðra foreldra töldu hrunið hafa haft áhrif á fjölskyldulíf, tæplega 28% svarenda úr kjarnafjölskyldu og 18% úr stjúpjölskyldu.




Mynd 8. Hvernig áhrif efnahagshrunið hefur haft á lífsaðstæður svarenda

Þegar spurt var um þau réttindi eða þá þjónustu sem svarendur hefðu nýtt sér sl. 12 mánuði kom ekki á óvart að algengast var að þeir nýttu sér lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Margir svarendur fá einnig húsaleigubætur frá sveitafélaginu, barnabætur frá ríkinu eða nýta sér aðstoð heimilislæknis (sjá mynd 9). Taka skal fram að svarendur máttu merkja við allt sem við átti í þessari spurningu. Einnig var nokkuð um að svarendur hefðu nýtt sér aðstoð félagsráðgjafa eða sálfræðings.



Mynd 9. Hvað af eftirtöldum réttindum/þjónustu hefur þú notað sl. 12 mánuði?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir myndu nýta sér ráðgjöf/meðferðarþjónustu (félagsráðgjafa, sálfræðings o.s.frv.) sem væri þeim að kostnaðarlausu fyrir þau sjálf eða börn þeirra sögðu flestir (73%) að þeir myndu nýta sér slíka þjónustu. Þegar svörin voru síðan greind eftir fjölskyldugerð kom í ljós að einstæðir foreldrar voru stærsti hópurinn, en tæplega 92% einstæðra foreldra í rannsókninni sögðust myndu nýta sér meðferðarþjónustu sem væri þeim að kostnaðarlausu (sjá mynd 10). Rúmlega 73% svarenda úr stjúpfjölskyldum og tæp 69% í kjarnafjölskyldu sögðust myndu nýta sér slíka þjónustu.



Mynd 10. Myndir þú nýta þér ráðgjöf/meðferðarþjónustu sem, væri þér að kostnaðarlausu fyrir þig og/eða börn þín? - flokkað eftir fjölskyldugerð

Í töflu 8 má sjá hlutfall svarenda eftir líðan og heilsu á síðustu 6 mánuðum greint eftir því hvort svarendur voru einstæðir foreldrar eða tilheyrðu öðrum fjölskyldugerðum sem flokkaðar hafa verið í rannsókn þessari. Spurningarnar vísa annars vegar í tilfinningalega líðan og hins vegar í líkamlega líðan.

Þegar litið var til tilfinningalegrar líðanar hjá einstæðum foreldrum í samanburði við aðra mátti sjá að hlutfall svarenda í þeim hópi var hærra í floknum alltaf/oft í öllum svörum. Tæplega 30% einstæðra foreldra í rannsókninni höfðu á sl. 6 mánuðum alltaf eða oft fundið fyrir depurð en 18% svarenda úr öðrum fjölskyldugerðum. Jafnframt höfðu 22% einstæðra foreldra alltaf eða oft fundið fyrir örvæntingu og ótta og 30% höfðu verið viðkvæmir á þessu tímabili. Fleiri einstæðir foreldrar í rannsókninni upplifðu vonbrigði (22%), en aðrir (14%), og fengu oftar grátköst, 14% en 6% aðrir. Rúmlega 45% einstæðra foreldra höfðu alltaf/oft verið annars hugar á síðustu 6 mánuðum en um 31% meðal annara. Aðeins tæplega 16% einstæðra foreldra í rannsókninni höfðu sjaldan eða aldrei átt erfitt með einbeitingu á tímabilinu en um 37% svarenda úr öðrum fjölskyldugerðum.

Í töflu 8 má einnig sjá líkamlega líðan svarenda. Þar stóðu einstæðir foreldrar einnig höllum fæti miðað við aðra svarendur í þeim atriðum sem spurt var um. Um 20% einstæðra foreldra höfðu á sl. 6 mánuðum alltaf eða oft fundið fyrir lystarleysi en um 9% meðal annara. Fleiri einstæðir höfðu einnig átt erfitt með svefn og fundið fyrir maga- og höfuðverkjum á tímabilinu. Um 42% einstæðra foreldra í rannsókninni höfðu fundið fyrir bakverkjum sem er töluvert hærra hlutfall en í hinum hópnum (27%).

Marktækur munur p<0,05; \*\*marktækur munur p<0,01; \*\*\*marktækur munur p<0,001

	Einstæðir foreldrar				Aðrir				Allir *			
	Alltaf/ oft%	Stundum %	Sjaldan/ aldrei%	Fjöldi	Alltaf/ oft%	Stundum %	Sjaldan/ aldrei%	Fjöldi	Alltaf/ oft%	Stundum %	Sjaldan/ aldrei%	Fjöldi
	Verið hraust/ur	81,6	12,6	5,8	87	82,5	10,6	6,9	320	82,3	11,1	6,6
Verið sorgmædd/ur	24,1	36,8	39,1	87	15,4	33,5	51,1	319	17,2	34,2	48,5	406
Fundið fyrir depurð*	29,9	34,5	35,6	87	17,9	31,4	50,6	318	20,5	32,1	47,4	405
Fundið fyrir örvæntingu*	21,8	29,9	48,3	87	14,4	22,3	63,3	319	16	23,9	60,1	406
Fundið fyrir ótta**	22,1	29,1	48,8	86	12,3	21,4	66,4	318	14,4	23	62,6	404
Verið viðkvæm/ur*	30,2	41,9	27,9	86	21,5	35,4	43	316	23,4	36,8	39,8	402
Fundið fyrir létti	36,8	47,1	16,1	87	36,5	44,3	19,2	318	36,5	44,9	18,5	405
Verið bitur	13,8	27,6	58,6	87	11	20,2	68,8	317	11,6	21,8	66,6	404
Verið reið/ur	17,2	40,2	42,5	87	13,1	33,1	53,8	314	14	34,7	51,4	401
Upplifað vonbrigði**	21,8	49,4	28,7	87	13,8	38,1	48,1	318	15,6	40,5	44	405
Fengið grátköst*	13,8	14,9	71,3	87	6	13,2	80,8	318	7,7	13,6	78,8	405
Upplifað skapsveiflur	24,7	34,1	41,2	85	22,5	29,4	48,1	316	22,9	30,4	46,6	401
Verið ráðvillt/ur	21,8	29,9	48,3	87	16,5	26,9	56,6	316	17,6	27,5	54,8	403
Verið annars hugar**	45,3	38,4	16,3	86	31,4	35,2	33,3	318	34,4	35,9	29,7	404
Átt erfitt með einbeitingu***	38,1	46,4	15,5	84	28,5	34,8	36,7	316	30,5	37,3	32,3	400
Borðað of mikið	32,2	26,4	41,4	87	25,6	29,1	45,4	313	27	28,5	44,5	400
Verið lystalaus**	19,8	27,9	52,3	86	9,1	21,4	69,5	318	11,4	22,8	65,8	404
Átt erfitt með svefn	32,6	25,6	41,9	86	21	26,7	52,4	315	23,4	26,4	50,1	401
Fundið fyrir magaverkjum	21,8	20,7	57,5	87	15,2	18,7	66	315	16,7	19,2	64,2	402
Fundið fyrir höfuðverkjum	26,4	27,6	46	87	22,1	26,8	51,1	317	23	27	50	404
Fundið fyrir bakverkjum*	41,9	22,1	36	86	26,6	25,6	47,8	316	29,9	24,9	45,3	402
Önnur líkamleg einkenni	26,4	24,1	49,4	87	16,1	24,1	59,8	316	18,4	24,1	57,6	403


Tafla 8 Lífan og heilsa svarenda á síðustu 6 mánuðum

### 3.3 Búseta á Ásbrú

Eitt megin viðfangsefni rannsóknarinnar var að skoða reynslu einstæðra foreldra af búsetu á Ásbrú samanborið við reynslu fólks úr öðrum fjölskyldugerðum. Af þeim sem svöruðu könnuninni bjuggu 80% á Ásbrú en 20% bjuggu annars staðar (sjá mynd 11). Af þeim 20% (83 einstaklingar) sem bjuggu annars staðar bjuggu flestir á höfuðborgarsvæðinu (45%) eða í Reykjanesbæ (31%). Jafnframt kom fram að í hópi þeirra sem voru búsettir á Ásbrú höfðu 39% búið á höfuðborgarsvæðinu og 31% í Reykjanesbæ áður en þeir fluttu á Ásbrú. Minna var um að svarendur kæmu frá öðrum stöðum á Íslandi, en þó eitthvað, og um 5% höfðu áður búið erlendis.

Á mynd 11 má sjá flokkun þátttakenda eftir fjölskyldugerð eftir því hvort þeir voru búsettir á Ásbrú eða annars staðar. Barnlaust par var sú fjölskyldugerð þar sem flestir svarendur í þeim hópi voru búsettir á Ásbrú (91%). Af einstæðum foreldrum í rannsókninni voru 85% búsettir á Ásbrú sem var svipað hlutfall og í hópi einstaklinga. Í öðrum fjölskyldugerðum með börn, þ.e. stjúp- og kjarnafjölskyldum, var lægra hlutfall innan hópanna sem var búsettur á Ásbrú heldur en í hinum fjölskyldugerðunum. Tæp 69% svarenda í kjarnafjölskyldu bjuggu á Ásbrú og 75% svarenda í stjúpfjölskyldum. Geta skal þess að aðeins þeir sem búsettir voru á Ásbrú þegar könnunin átti sér stað svöruðu þeim spurningum sem á eftir koma í þessum kafla.

Þátttakendur voru jafnframt spurðir að því hvenær þeir fluttu á Ásbrú og um 26% þátttakenda fluttu árið 2007, 58% árið 2008 og 15% árið 2009, enda var það ár innan við hálfnað þegar könnunin átti sér stað. Ekki var munur milli fjölskyldugerða né eftir því hvaða ár flutt var á Ásbrú.



\*\*\*marktækur munur  $p < 0,001$

Mynd 11. Búseta svarenda á Ásbrú flokkað eftir fjölskyldugerð



Spurt var um helstu ástæður fyrir vali á búsetu á Ásbrú. Þátttakendur voru beðnir um að forgangsraða ákveðnum kostum eftir mikilvægi (sjá töflu 9). Í ljós kom að flestir merktu við fjárhagslega hagkvæmt (77%) eða húsnæðislega hagkvæmt (63%) sem helstu ástæður, þ.e. í fyrsta eða öðru sæti, fyrir vali á búsetu á Ásbrú. Töluverður munur var á þessum tveimur kostum og þeim sem á eftir komu í fyrsta til öðru sæti, þ.e. góð staðsetning (28%), fjölskylduvænt (25%) og að skapa mér framtíðarmöguleika (25%). Þegar einstæðir foreldrar voru skoðaðir sérstaklega kom fram að aðeins 65% þeirra töldu kostinn „fjárhagslega hagkvæmt“ vera mikilvægustu ástæðuna fyrir búsetu á Ásbrú á meðan yfir 80% þátttakenda úr öðrum fjölskyldugerðum töldu svo vera. Hins vegar settu 31% einstæðra foreldra kostinn „fjölskylduvænt“ í tvö efstu sætin en 23% annara.

Tafla 9 Hverjar eru ástæður þess að þú valdir búsetu á Ásbrú?, -- í forgangsröðun

	1.-2. sæti %	3.-4. sæti %	5.-6. sæti %	7.-9. sæti %	Fjöldi
Fjárhagslega hagkvæmt	76,5	18,7	3,8	1,0	289
Húsnæðislega hagkvæmt	62,5	27,8	9,3	0,4	259
Góð/heppileg staðsetning	27,6	33,7	23,0	15,8	196
Fjölskylduvænt	25,3	43,2	23,2	8,4	190
Skapa mér framtíðarmöguleika	25,0	20,0	20,6	34,4	160
Friður og einbeiting	20,2	44,9	23,6	11,2	178
Félagslega áhugavert	11,1	25,5	43,8	19,6	153
Atvinnuleysi	3,8	7,6	8,6	80,0	105
Annað	21,1	12,2	12,2	54,4	90


Þeir sem búsettir voru á Ásbrú voru spurðir um hversu líklegt eða ólíklegt þeim þætti að þeir myndu velja að búa áfram í Reykjanesbæ eftir að námi lyki (sjá töflu 10). Þátttakendur skiptust til helminga í afstöðu sinni til áframhaldandi búsetu í Reykjanesbæ, 41% þótti frekar eða mjög líklegt að þeir byggju þar áfram en 40% töldu það frekar eða mjög ólíklegt, 19% tóku ekki afstöðu. Ekki var marktækur munur milli fjölskyldugerða í þessari spurningu en þó kom helst fram jákvæðni á áframhaldandi búsetu á Ásbrú að loknu námi í hópnum barnlaus þör en tæplega 54% í þeim hópi töldu það frekar eða mjög líklegt. Aftur á móti voru svarendur í hópi stjúp-fjölskyldan neikvæðust, en þar sögðu 53% áframhaldandi búsetu frekar eða mjög ólíklega. Einstæðir foreldrar voru nokkuð nálægt meðaltalinu en 38% í þeim hópi sögðu áframhaldandi búsetu í Reykjanesbæ að loknu námi frekar eða mjög líklega en 40% hana frekar eða mjög ólíklega.

Þeir þátttakendur sem töldu frekar eða mjög ólíklegt að þeir myndu búa áfram í Reykjanesbæ eftir að námi lyki voru spurðir um hvar þeim þætti líklegt að þeir myndu búa eftir nám. Rúmlega helmingur (51%) þeirra sögðust stefna á að búa á höfuðborgarsvæðinu, 24% stefna á útlönd, 13% út á land og 12% voru óviss um búsetu að loknu námi eða nefndu aðra kosti.

Tafla 10 Hversu líklegt eða ólíklegt var að svarendur, búsettir á Ásbrú, veldu að búa áfram í Reykjanesbæ eftir að námi lyki flokkað eftir fjölskyldugerð

	Frekar eða		Frekar eða mjög ólíklegt %	Fjöldi
	mjög líklegt %	Hvorki líklegt né ólíklegt %		
Kjarnafjölskylda	41,5	14,6	43,9	82
Einstæðir foreldrar	37,5	22,2	40,3	72
Stjúpfjölskylda	32,6	13,0	54,3	46
Barnlaust par	52,6	15,8	31,6	57
Einstaklingur	40,0	27,3	32,7	55
Allir	41,0	18,6	40,4	312


Innifalið í leiguverði á Ásbrú eru rútuferðir til og frá höfuðborgarsvæðinu og því voru svarendur könnunarinnar spurðir um hversu reglulega þeir nýttu sér þessar rútuferðir, svarmöguleikarnir voru; *5 sinnum í viku eða oftár, 1-4 sinnum í viku, 2-3 sinnum í mánuði og sjaldnar en mánaðarlega* (sjá mynd 12). Í ljós kom að tæplega 60% þátttakenda sem búsettir voru á Ásbrú nýttu sér rútuferðirnar sjaldnar en mánaðarlega og um 34% nýttu sér þær vikulega eða oftár. Af einstæðum foreldrum sögðust 75% nýta sér rútuferðir sjaldnar en mánaðarlega og í 21% tilvika vikulega eða oftár. Svo virðist sem fólk í barnlausum þörum nýtti sér helst þessar rútuferðir en einstæðir foreldrar nýttu sér þær síst.



Mynd 12. Hversu reglulega nýta svarendur, búsettir á Ásbrú, sér rútuferðir til og frá Ásbrú flokkað eftir fjölskyldugerð

### 3.3.1 Frístundaiðkun og úrræði


Íbúar Ásbrúar voru spurðir um hvar þeir sinntu helst frístundum, hvort það væri á svæðinu eða annars staðar. Um 36% sögðust sinna frístundum á svæðinu en 64% sögðust sinna þeim annars staðar (sjá mynd 13), þar af flestir á höfuðborgarsvæðinu eða í Reykjanesbæ.



Mynd 13. Hvar svarendur, búsettir á Ásbrú, sinna helst frístundum sínum


Svarendur voru jafnframt spurðir um viðhorf sín til frístundaiðkunar á svæðinu og þá annars vegar um það hversu sátt eða ósátt þau væru við möguleikann til

frístundaiðkunar fyrir sjálf sig á Ásbrú og hins vegar fyrir börnin (sjá mynd 14). Niðurstöðurnar voru greindar eftir því hvort um var að ræða einstæða foreldra eða þátttakendur úr annarri fjölskyldugerð. Varðandi frístundaiðkun fyrir fullorðna voru skiptar skoðanir um hversu mikil sátt var við þann möguleika á Ásbrú, en 25% þátttakenda voru frekar að mjög sáttir og mjög svipað hlutfall var hjá þeim sem voru frekar eða mjög ósáttir (24%). Meðal einstæðra foreldra ríkti þó töluvert meiri sátt en í hinum hópnum, þar voru tæplega 35% einstæðra foreldra frekar eða mjög sátt með möguleikann til frístundaiðkunar á Ásbrú en 22% á meðal hinna. Örlítið færri einstæðir foreldrar voru ósáttir, 22% en 24% í hinum hópnum.



Mynd 14. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ert þú við möguleikann til frístundaiðkunar fyrir þig sjálfa/n á Ásbrú? Flokkað í einstæðir foreldrar og aðrir

Á mynd 15 má sjá hversu sáttir eða ósáttir íbúar Ásbrúar sem tóku þátt í könnuninni voru með möguleikann til frístundaiðkunar fyrir börn á Ásbrú. Marktækur munur var á svörum einstæðra foreldra og annarra við þessari spurningu. Einstæðir foreldrar voru mun jákvæðari til þeirrar þjónustu sem í boði er á svæðinu fyrir börn heldur en aðrir. Í tæplega 42% tilvika voru einstæðir foreldrar frekar eða mjög sáttir en í 30% tilvika meðal annara. Aftur á móti voru einnig fleiri einstæðir foreldrar frekar eða mjög ósáttir, 26% á móti 14%. Í hópi annara var meira hlutleysi og fleiri þar sem þetta átti ekki við, líklega vegna þess að það voru annað hvort engin börn á heimili þátttakenda, mjög ung börn eða börn sem stunda ekki frístundaiðkun á svæðinu.



\*\*\*marktækur munur  $p < 0,001$

Mynd 15. Hversu sátt/ur eða ósátt/ur ert þú við möguleikann til frístundaiðkunar fyrir börn á Ásbrú? Flokkað í einstæðir foreldrar og aðrir

Spurt var um hversu oft svarendur færu af svæðinu til höfuðborgarsvæðisins, fyrir utan ferðir til náms til þess að sinna erindum, sækja skemmtanir og rækta vina- eða fjölskyldutengsl (sjá töflu 11). Í hópi þeirra sem fara til höfuðborgarinnar til þess að sinna erindum fara um 54% vikulega eða oftar. Af þeim sem fara til þess að rækta fjölskyldutengsl fara 44% vikulega eða oftar og svipað margir (42%) af þeim sem fara útaf svæðinu til þess að ræta vinatengsl fara svo reglulega. Þeir sem fara útaf svæðinu til höfuðborgarsvæðisins til þess að sinna skemmtunum fara ekki eins reglulega, en 42% í þeim hópi fara 1-3 sinnum í mánuði. Flestir svarendur virðast þó fara nokkuð reglulega út af Ásbrúarsvæðinu.

Tafla 11 Hversu oft íbúar Ásbrúar fara útaf Ásbrúarsvæðinu til höfuðborgarsvæðisins

	Vikulega eða oftar %	1-3 sinnum í mánuði %	Sjaldnar en mánaðarlega %	Fjöldi
Sinna erindum	54,2	38,5	7,4	299
Sækja skemmtanir	28,5	42,3	29,2	298
Rækta vinatengsl	41,7	39,7	18,7	300
Rækta fjölskyldutengsl	43,6	34,9	21,5	298

Gerð var athugun á hversu mikil ánægja var með hin ýmsu úrræði á Ásbrú og voru aðeins þeir sem höfðu nýtt sér eftirfarandi úrræði beðnir um að svara þeim spurningum.

Í töflu 12 má sjá hversu mikil ánægja eða óánægja var með þessi úrræði og hve margir svöruðu hverjum lið. Niðurstöður benda til að almenn sátt sé með leiksvæði með tækjum á Ásbrúarsvæðinu þar sem 80% voru mjög eða frekar ánægðir. Einnig var töluverð ánægja með leikskólann (70%) og útivistarsvæðin (56%). Tæplega 61% af þeim sem nýta sér dagforeldri á Ásbrú eru hvorki ánægð né óánægð með það úrræði. Óánægja virðist vera með frístundastarfsemi og grunnskólann á Ásbrú, en rúm 27% svarenda voru frekar eða mjög óánægð með grunnskólann og tæp 31% með frístundastarfsemina á svæðinu.

Tafla 12 Þegar á heildina er litið hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með eftirfarandi úrræði á Ásbrú?

	Mjög eða frekar ánægð/ur %	Hvorki né %	Mjög eða frekar óánægð/ur %	Fjöldi
Dagforeldri	32,2	60,9	6,9	87
Leikskóli	68,6	25,5	5,8	137
Grunnskóli	37,9	34,7	27,4	124
Frístundastarfsemi	30,6	38,9	30,6	193
Útivistarsvæði	56,4	26,8	16,7	257
Leiksvæði með tækjum	80,0	12,7	7,3	245
Íþróttaaðstaða	47,1	34,2	18,8	240

### 3.3.2 Breytt umhverfi – breytt sýn á eigin getu

Í rannsókninni var spurt um á hvern hátt veikleikar og styrkleikar hefðu hugsanlega breyst við búsetu á Ásbrú. Í töflu 13 má sjá hvernig og hvort svarendur sem voru búsettir á Ásbrú telji styrkleika sína birtast betur eftir að þeir fluttu þangað. Tæpur helmingur taldi ekki að styrkleikar sínir birtust öðruvísi nú en áður. Rúmlega 19% töldu sig nýta tímann betur, tæp 18% fundu fyrir meiri sátt og höfðu meiri tíma fyrir fjölskylduna eftir að hafa flutt á Ásbrú og um 17% höfðu betri tök á sínum málum nú en áður.

Tafla 13 Birtast styrkleikar þín betur eftir að þú fluttir á Ásbrú en áður?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	158	49,4
Já, nýti tímann betur	62	19,4
Já, finn meiri sátt	57	17,8
Já, hef meiri tíma fyrir fjölskyldu	57	17,8
Já, hef betri tök á mínum málum	53	16,6
Já, rækta sjálfa/n mig betur	50	15,6
Já, hef betri einbeitingu	37	11,6
Já, hef meiri tíma fyrir vini	25	7,8
Já, á annan hátt	13	4,1


Í töflu 14 má svo sjá hvernig og hvort þátttakendur töldu að veikleikar sínir birtust öðruvísi eftir að þeir fluttu á Ásbrú. Hér var einnig rétt innan við helmingur sem taldi veikleika sína ekki birtast öðruvísi nú en áður. Rúmlega 30% töldu sig hafa minni tíma fyrir vini. Tæplega 21% höfðu minni tíma fyrir fjölskyldu og um 14% sögðust rækta sjálfan sig síður eftir að hafa flutt á Ásbrú.

Tafla 14 Birtast veikleikar þínir öðruvísi eftir að þú fluttir á Ásbrú en áður?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	146	45,6
Já, hef minni tíma fyrir vini	97	30,3
Já, hef minni tíma fyrir fjölskyldu	66	20,6
Já, rækta sjálfa/n mig síður	46	14,4
Já, nýti tímann síður	39	12,2
Já, finn minni sátt	22	6,9
Já, hef verri tök á mínum málum	22	6,9
Já, hef verri einbeitingu	22	6,9
Já, á annan hátt	11	3,4

### 3.4 Barnafjölskyldur


Í könnuninni var sérstaklega skoðuð staða barnafjölskyldna en rúmlega 57% svarenda áttu börn og 43% áttu ekki börn (sjá mynd 16).



Mynd 16. Átt þú barn/börn?

Spurt var um fjölda barna undir 18 ára aldri á heimili svarenda. Í ljós kom að í flestum tilvikum (45,6%) var aðeins eitt barn á heimilinu, í 35% tilvika voru þau tvö og í 20% tilvika þrjú eða fleiri (sjá mynd 17). Þegar barnafjöldi á heimilinu var greindur eftir

fjölskyldugerð kom fram að 53% einstæðra foreldra áttu eitt barn, 30% áttu tvö og tæp 17% áttu þrjú eða fleiri. Í kjarna- og stjúpjölskyldum voru aftur á móti fleiri börn á heimilinu, í um 42% tilvika var eitt barn á heimilinu, í 37% tilvika voru þau tvo og í um 21% tilvika voru þau þrjú eða fleiri.



Mynd 17. Hvað búa mörg börn undir 18 ára aldri á þínu heimili?

Þátttakendur sem áttu börn voru spurðir um til hvers/hverra þeir leituðu þegar þau vantar barnagæslu á álagstímum í námi og starfi eða þegar erfiðleikar eða veikindi steðja að. Foreldrar áttu að forgangsraða hver yrði fyrst fyrir valinu, hver næst o.s.frv. Í töflu 15 má sjá hvernig sú forgangsröðun skiptist. Af þeim sem leita til barnsföður/barnsmóður þegar þá vantar barnagæslu setja 82% þann kost í 1. til 2. sæti. Stór hluti leitar einnig til afa og ömmu sín megin og af þeim velja 79% þau sem fyrsta eða annan kost. Færri virðast velja afa og ömmu hinum megin sem fyrsta kost (55%). Af þeim sem leita til annara fjölskyldumeðlima setja tæp 59% þann kost í 3. til 4. sæti í forgangsröðina og eins setja 44% af þeim sem leita til vina/nágranna í þau sæti. Eitthvað var um að foreldrar kaupi sér barnapössun en mjög lítið var um að opinber aðili eða fagaðili gæti barnanna á álagstímum eða þegar erfiðleikar steðja að.




Tafla 15 Til hverra leitar þú þegar þig vantar barnagæslu á álagstímum?

	1.-2. sæti %	3.-4. sæti %	5.-6. sæti %	7.-8. sæti %	Fjöldi
Barnsföður/barnsmóður	82,1	12,9	2,9	2,1	140
afa/ömmu mín megin	79,3	16,2	3,4	1,1	179
afa/ömmu barnsmóður/-föður megin	54,9	36,8	6,0	2,3	133
annara fjölskyldumeðlima	35,1	58,9	6,0	0,0	168
vina/nágranna	23,6	43,9	31,7	0,8	123
opinber aðstoð/fagfólk	4,3	8,5	42,6	44,7	47
kaupi mér barnapössun	12,9	24,3	35,7	27,1	70


### 3.4.1 Einstæðir foreldrar: samvistir foreldra og barna

Í hópi svarenda sem áttu börn höfðu foreldra skilið í 53% tilvika en búa saman í 47% (sjá mynd 18).



Mynd 18. Hlutfall foreldra sem hafa skilið og hafa ekki skilið

Sérstakri athygli var beint að þeim hópi sem hafði skilið og spurt um samvistir barns/barna við það foreldri sem það býr ekki hjá. Á mynd 19 má sjá hvernig þeim samvistum var háttað. Í 20% tilvika voru börn hjá hinu foreldrinu eftir hentugleikum og í 18% tilvika fóru þau aðra hverja helgi. Í um 14% tilvika voru ekki neinar samvistir og í 5% tilvika voru börn annað hvort jafnlengi hjá báðum foreldrum eða aðra hverja lengda helgi hjá því foreldri sem það bjó ekki hjá. Rúmur þriðjungur var með annað fyrirkomulag á samvistunum.



Mynd 19. Hvernig er háttáð samvistum barns þíns/barna þinna og foreldris sem það býr ekki hjá?

Í ljósi þessara skiptingar var áhugavert að skoða nánar hvernig samvistum er háttáð, annars vegar þegar foreldri er einstætt og hins vegar þegar fyrrverandi einstætt foreldri hefur myndað stjúpfjölskyldu (aðra fjölskyldugerð), þ.e. til að kanna hvort samvistamynstrið sé öðruvísi eftir slíka umbreytingu á fjölskyldugerð. Eins og sjá má í töflu 16 má greina nokkurn mun á þessum tveimur fjölskyldugerðum. Hann er þó ekki marktækur ( $p$ -gildi=0,07).

Börn einstæðra foreldra dveljast eftir hentugleikum hjá hinu foreldrinu í um 29% tilvika en í 13% tilvika í öðrum fjölskyldugerðum (sjá töflu 16). Í 7% tilvika dvöldust börn einstæðra foreldra jafnlengi hjá báðum foreldrum og í 6% tilvika aðra hverja lengda helgi. Það að barn eigi engar samvistir við það foreldri sem það býr ekki hjá er nokkuð óalgengara hjá einstæðum foreldrum, 11% en 17% meðal hinna.

Tafla 16 Samvistir barns og þess foreldris sem það býr ekki hjá greint eftir einstæðum foreldrum og stjúpfjölskyldum

	Stjúp- fjölskyldur %	Einstæðir foreldrar %
Eftir hentugleikum	13,1	29,3
Jafnlengi hjá báðum foreldrum	3,7	7,3
Aðra hverja helgi	18,7	18,3
Aðra hverja lengda helgi	4,7	6,1
Aðra hverja helgi og einn dag/nótt í viku	2,8	1,2
Engar samvistir	16,8	11,0
Annað	40,2	26,8
Fjöldi	107	82

### 3.5 Opnar spurningar

Í könnuninni voru lagðar fyrir fimm opnar spurningar, þátttakendur gátu þá skrifað eigin svör en ekki var boðið upp á sérstaka svarmöguleika. Svörin voru þó takmörkuð í lengd og var spurt um ákveðin atriði varðandi búsetu á Ásbrú annars vegar og nám í Keili hins vegar. Hér verður stikað á stóru um svör þátttakenda og greint frá helstu þemum sem fram komu í hverri spurningu.

Spurt var í opinni spurningu *Hvað þarf til að þú setjist að í Reykjanesbæ?* Við þessari spurningu fengust 144 svör. Voru þau nokkuð fjölbreytt með uppbyggilegum hugmyndum en þó kom einnig fram skýr neikvæðni. Þar mátti greina ákveðin atriði eða þemu sem gengu í gegn í mörgum svörum. Skýrasta þemað sem fram kom í þessari spurningu var ósk um *betri þjónustu*. Í því sambandi var nefnt helst aukið framboð á verslunum, bætt þjónusta við börn og unglinga, bætt aðstoð við námsmenn og barnafjölskyldur og auknir menntunarmöguleikar á svæðinu. Annað þema sem kom sterkt fram var *auknir atvinnumöguleikar*. Var þá helst nefnt möguleikar á vinnu sem hæfir menntun viðkomandi, sem býðst á svæðinu og er vel launuð. Í þriðja lagi var nefnt *betri samgöngur*, innanbæjar sem og til og frá höfuðborgarsvæðisins, og nefndu þá margir hraðlest í því sambandi. Bættar samgöngur voru gjarnan tengdar við nálægð við fjölskyldu og vini. Þá voru áherslur sem sneru að *húsnæðismálum*, þ.e. ódýru og hentugu húsnæði. Að lokum má nefna að svarendum var tíðrætt um erfitt veðurfar og að það atriði gæti skipt miklu um mögulega búsetu í Reykjanesbæ. Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir í skrifleg svör við spurningunni um hvað þurfi til að viðkomandi myndi setjast að í Reykjanesbæ:

*Betra veður, betri þjónustu fyrir börn á leikskólaaldri og vinnu í Reykjanesbæ í samræmi við mína menntun; háskóla á svæðinu, fjölskyldan mín flytjist öll þangað; að ég fái góða og vel launaða vinnu og ódýrt húsnæði.*

Meðal þeirra sem töldu alla meinbugi á því að þeir myndu setjast að í Reykjanesbæ var nefnt að það kæmi aldrei til greina vegna staðsetningar, fábreytileika og smæðar samfélagsins.

Önnur opin spurning var *Getur þú nefnt eitt til þrjú atriði um það sem þér er efst í huga við það jákvæða að búa á Ásbrú?* Hér fengust 253 svör sem greina mátti í nokkur meginþemu. Langflest atriðin mátti tengja við *umhverfið og staðsetninguna* á Ásbrú. Því til staðfestingar var nefnt að svæðið einkenndist af rólegu og friðsælu umhverfi, öryggi,

stuttum vegalendum og lítilli umferð. Jafnframt var töluvert talað um gildi þess að hafa aðgang að góðum leiksvæðum, leikvöllum eða leiktækjum fyrir börn og hversu fjölskyldu- og barnvænt umhverfið væri á Ásbrú. Annað þema sem greina mátti var *fjárhagsleg hagkvæmni*, en í því samhengi var einna helst nefnd ódýr leiga og fríar rútuferðir til höfuðborgarsvæðisins og frá. *Húsnæðið* var einnig þema sem kom mikið fram í svörunum og þá einna helst varðandi stærð íbúða og gæði, “rúmar og góðar”. Önnur minna nefnd þemu tengdust *þjónustu* og *dýrahaldi*, þ.e. að dýrahald sé leyfilegt á svæðinu. Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir í skrifleg svör við þessari spurningu:

*Notalegt umhverfi og fjölskylduvænt. Stórar og góðar íbúðir; Friður og ró, öryggi fyrir börnin, nóg pláss, fín leiktæki; hagstætt leiguverð, öryggi og tengsl við skólasamfélagið; mjög barnvænt umhverfi; góð þjónusta, frábært starf; stærð húsnæðis, leyft dýrahald, verð leigu; stutt í allt.*

Eftir opna spurningu um það jákvæða við að búa á svæðinu var spurt *Getur þú nefnt eitt til þrjú atriði um það sem er þér efst í huga við það neikvæða að búa á Ásbrú*. Hér fengust 254 svör og voru meginþemun nokkurn vegin þau sömu og spurningunni hér að ofan en öfugt við það jákvæða. Þau atriði sem mest voru nefnd tengdust *umhverfi og staðsetningu*, og þá áherslu á einangrun, mikla fjarlægð/langt að fara, óheppilegt veðurfar, “mikið rok” ásamt óþrifnaði og slæmri umgengni á svæðinu. Annað sterkt þema var *samgöngur* og þá kvartað um að rútuferðir til og frá Reykjavík þyrftu að vera fleiri og að strætókerfið (innan Reykjanesbæjar) sé “óreglulegt og takmarkað” *þjónusta* var einnig sterkt þema og þá með gagnrýni á að þjónusta á svæðinu sé takmörkuð og langt að leita annað. Margir óskuðu eftir sundlaug, sjoppu og lágvörverslun á svæðið. Einnig var nokkuð um að þátttakendur nefndu að aðstæður og framboð á félagsstarfi fyrir eldri börn væri ábótavant. Annað þema var *húsnæði*, þ.e. einkum tvennt, teppi á gólfum og léleg umgengni/óþrifnaður, auk þess að vera fjárhagslega óhagkvæmt (vegna hækkunar á leiguverði). Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir í skrifleg svör við þessari spurningu:

*Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, fjarlægð frá vinum og fjölskyldu; hækkun á leiguverði, skortur á frístundastarfi, hundaskítur út um allt; léleg umgengni íbúa um svæðið; vindasamt, einangrun frá öðrum svæðum; langt í alla þjónustu, fáar rútuferðir í bæinn; Strætóferðir innanbæjar, frekar lélegt leiðarkerfi og illskiljanlegt.*

Þeir þátttakendur sem lögðu stund á nám við Keili (sem ýmist bjuggu á Ásbrú eða ekki) voru spurðir að tveimur opnum spurningum varðandi námið. Sú fyrri var *Hvaða þættir gera nám við Keili sérstaklega hagstætt fyrir þig?* Við þeirri spurningu fengust 130 svör. Helsta þemað var tengt *uppbyggingu náms* á Keili, en þá var helst nefnt lengd náms annars vegar, þ.e. að boðið sé upp á styttri námsleiðir og hins vegar möguleiki á fjarnámi og lotukennslu. *Staðsetning*, þ.e. að nám og búseta sé á sama stað, var einnig talið nokkuð hagstætt ásamt því að námið sé lánshæft og bjóði upp á aukna möguleika að námi loknu. Nokkrir nefndu kosti þess að geta unnið með námi en aðrir nefndu kosti þess að þurfa ekki að vinna með námi. Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir í skrifleg svör við þessari spurningu:

*Að hafa fengið námslán til að geta gert þetta að raunveruleika og þurfa ekki að vinna með námi, öðruvísi hefði þetta ekki verið möguleiki fyrir mig; er í fjarnámi og get þess vegna verið meira heima með barninu mínu; er ígildi stúdentsprófs svo ég get farið í háskóla; frábært starfsfólk í skólanum, gott að leita til þeirra; „hentugt með vinnu, tekur aðeins á; staðsetning og aðstaða, fræbær kennsla og meiriháttar ‘annað tækifæri’.*

Seinni spurningin sem lögð var fyrir námsmenn Keilis var: *hvaða þættir gera nám við Keili sérstaklega erfitt fyrir þig?* Við þeirri spurningu fengust 112 svör. Töluverður hluti þátttakenda gat ekki nefnt neina þætti sem gera námið sérstaklega erfitt fyrir þá. Stærstu þemun í svörunum voru þó *kostnaður* annars vegar, þ.e. há skólagjöld og mikill kostnaður við námið en hins vegar *staðsetning*, þ.e. miklar fjarlægðir og langt frá fjölskyldu og vinum. *Uppbygging náms* var einnig nokkuð nefnt og þá í því samhengi að hraðinn í náminu væri mikill, álag mikið vegna lærdóms og verkefnavinnu og nokkuð um skipulagsleysi í skólanum. Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir í skrifleg svör við þessari spurningu:

*Að þurfa að fara langar leiðir eftir þjónustu og rækta vini og ættingja; dýr skólagjöld, ekki staðið við það sem sagt var í byrjun námsins; mikið námsefni á stuttum tíma; skipulagsleysi og skortur á upplýsingaflæði; staðsetning, kostnaðurinn, álagið; þetta er langt í burtu og kostar of mikið fyrir mig; ekkert sem ég hef út á að setja.*

### 3.6 Persónuleg viðtöl

Hér verður greint frá niðurstöðum úr ellefu persónulegum viðtölum sem tekin voru við einstæðar mæður í námi og sem voru búsettar á Ásbrú sl. námsár. Umsjónarmenn rannsóknarinnar hittu konurnar á heimavelli og tóku öll viðtölin í kennsluhúsnæði Keilis nema eitt sem fór fram í Háskóla Íslands (sjá nánar *Aðferð* hér að framan). Um er að ræða konur fæddar á árunum 1964 til 1980, en meðalaldur þeirra er 35 ár. Þær eiga eitt til þrjú börn undir 18 ára aldri sem búa á heimilinu, fjórar eiga þrjú börn, þrjár eiga tvö börn og fjórar eitt barn. Þær höfðu allar verið í 100% námi, flestar þeirra eða níu við Keili og tvær við Háskóla Íslands. Rúmum helmingi hafði seinkað í náminu, aðeins tvær höfðu unnið samhliða námi.

Mæðurnar voru spurðar um aðdraganda og forsendur þess að þær völdu búsetu á Ásbrú. Tæplega helmingur þeirra flutti þangað í kjölfar skilnaðar, en þá höfðu þær þörf fyrir ódýrt húsnæði og vildu mennta sig. Ein viðmælenda komst þannig að orði:

*...eftir skilnaðinn sá ég nám við Keili auglýst og ég sá í því tækifæri til að láta drauminn rætast og mennta mig... það var ekki eins fjarlæggt markmið, ég ákvað í framhaldinu að flytja á Ásbrú.*

Önnur sagði:

*Við skilnaðinn opnuðust nýir möguleikar og meiri tengsl ... það er algjörlega komin ný staða í mitt líf, í fyrsta skipti á ævinni hef ég trú á sjálfri mér og að ég geti gert eitthvað.*

Einnig var nokkuð um að atvinnu- eða efnahagsástand yrði þeim hvatning til að ráðast í frekara nám. Í stuttu máli voru helstu ástæður fyrir vali þessa hóps á búsetu á Ásbrú eftirfarandi: skilnaður (breyting á lífi/aðstæðum þeirra), fjárhagslega hagkvæmt, tækifæri til menntunar, vilji til að stokka upp og löngun til spreyta sig á einhverju nýju.

Búseta á Ásbrú virðist vera nokkuð frábrugðin búsetu annars staðar að mati þessa hóps. Helsti munurinn liggur í samfélaginu sjálfu: þar býr einsleitur hópur þar eð flestir eru í námi og á svipuðum stað í lífinu, samfélagið er lítið og lokað. Flestar benda á að þetta sé fjölskylduvænn staður, kyrrlátt umhverfi þar sem ríkir friður og ró. Staðsetningin leggst hins vegar ekki vel í alla. Sumum finnst það afskekkt og einangrað, lítil þjónusta á svæðinu og nokkuð er um að það leiði til einangrunar, þó komst ein svo að orði:

*Það að hafa verið svona útúr hérna, einangruð, hefur gefið mér rými til að takast á við hlutina. Ég hef fengið góðan stuðning frá námsráðgjafanum og fleirum.*

Við flutninga getur ýmislegt breyst og þannig var það einmitt hjá þessum fjölskyldum. Helsta breytingin hjá flestum var sú að þær fóru í nám, margar hættu í vinnu. Þannig varð breyting á lífsháttum og þær urðu því að lifa öðruvísi lífi. Flestar lýstu jákvæðum breytingum í lífi barna sinna við flutningana en þó tók þau mislangan tíma að aðlagast og komast inn í samfélagið. Þær eru flestar ánægðar með þær breytingar sem urðu á eigin lífi, þ.e. ný skipan daglegs lífs, aukið sjálfstæði, meira öryggi og næði. Einnig var nefnt að gestakomur væru minni og viss einangrun því meiri en áður. Ein komst svo að orði:

*Við erum komin í mun einangraðra umhverfi, það er engin truflun og ekkert í gangi, bara námið. Vinir og fjölskylda eru ekki að detta í kaffi og því er mikill friður.*

Aðspurðar um það jákvæðasta við að búa á Ásbrú nefndu þær m.a. góðar íbúðir, góð leiksvæði fyrir börn, fjölskylduvænar aðstæður, samstaða, stuttar vegalengdir, nýtt umhverfi, friður, lítið áreiti og góð þjónusta. Ein sagði:

*Það jákvæðasta eru rólegheitin, flestir sem búa hérna eru í svipuðum sporum og það er samstaða, fólk hjálpast að. Ég hef kynnst fullt af fólki hérna.*

Hins vegar voru margar þeirra nokkuð sammála um að það neikvæðasta við búsetu á Ásbrú væru samgöngurnar og þá sérstaklega strætókerfið, eða eins og ein orðaði það:

*Það erfiðasta er að það eru skelfilegar strætóferðirnar hérna og að vera með unglíng hérna er bara sorglegt, strætóáætlunin er bæði flókin og breytileg.*

Varðandi neikvæðu hliðina var einnig töluvert um að nefnt væri að lítið væri í boði fyrir börn á svæðinu. Annað neikvætt sem kom fram var hvítleitt veðurfar (“mikið rok”), langt að sækja verslanir og þjónustu, einangrun og amerísk klósett.

Aðspurðar um hvort styrkleikar þeirra eða veikleikar birtust öðruvísi eftir að þær fluttu á Ásbrú var nokkuð um að svo væri, og snerist það þá helst um styrkleikana. Fram kom að þar sem áherslurnar væru aðrar en áður gæfi það kost á meiri einbeitingu í námi sem varð til þess að þeim gekk betur. Margar sögðust hafa kynnst nýju fólki á svæðinu og hafa í raun jafnframt kynnst sjálfri sér á annan hátt og fengið nýja sýn og jákvæðari á sína eigin stöðu. Ein orðaði það svo:

*..ég hef komist að því að ég er miklu sterkari en ég hélt og get miklu meira en ég hélt.*

Önnur sagði:

*Ég hef haft meiri tíma til að sinna fullorðnum vinum og skólafélögum í stað þess að vera í uppeldi og alltaf með fjölskyldunni, það eru allt aðrar áherslur.*

Enn og aftur er það staðsetningin sem gerði það að verkum að einhverjum þeirra fannst þær einangrast og missa tengsl við fjölskyldu og vini sem búa annars staðar.

Varðandi frístundir sögðust flestar mæðurnar reyna að vera á svæðinu eins mikið og þær geta og vera þannig sem mest með barni eða börnum sínum. Þó kom fram að sumar fara til Reykjavíkur eða á aðra staði í Reykjanesbæ til þess að sækja þjónustu sem ekki er til staðar á Ásbrú, t.d. í sund, íþróttir eða aðrar tómsundir, eða til þess að rækta tengsl við fjölskyldu og vini. Það kemur fram hjá nokkrum að eftir að þær hófu nám séu frístundir þeirra mjög takmarkaðar og mestur tími fari í lærdóm. Þá voru þær einnig spurðar hvort þær vildu hafa eitthvað öðruvísi varðandi frístundir á svæðinu og voru svörin nokkuð samhljóða um það sem væri ábótavant, þ.e. að meira þyrfti að vera í boði fyrir börn og unglinga á svæðinu (þ.e. tómsundir, íþróttir og félagslíf), að sú aðstaða sem er til staðar á svæðinu væri betur nýtt og þá sundlaugin helst nefnd í því samhengi. Að lokum var talsverð áhersla á að þörf sé á endurbótum á strætókerfinu til þess að auðvelda samgöngur á milli staða innan Reykjanesbæjar. Varðandi frístundirnar sagði ein:

*Það mætti koma í gagn við sundlaug og bíói, og einhverju svona námstengdu. Það er líkamsræktarsalur en hann er mjög lítill, óaðlaðandi og dýr. Maður er vanur allt öðruvísi umhverfi og aðgengi. Það er voðalega lítið úrval, mjög einhæft og lítið um að vera á svæðinu, það er ekki verið að reyna að gera þetta neitt aðlaðandi að fjárhagslegu né félagslegu leyti.*

Sú þjónusta eða réttindi sem þessi hópur reyndist helst nýta sér voru húsaleigubætur. Nokkrar höfðu einnig leitað eftir og/eða fengið aðstoð frá félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Þetta var mest í formi fjárhagsaðstoðar eða aðstoðar sem varðaði börn þeirra, og lýstu þær ánægju með þá aðstoð og þann stuðning sem þær fengu þar. Tengt þessu var einnig spurt hvort þær myndu nýta sér samtalsmeðferð eða ráðgjafarþjónustu sem væri þeim að kostnaðarlausu fyrir sig og/eða börn sín. Allar upp til hópa sögðust myndu nýta sér slíkt ef þær ættu þess kost, og flestar töldu það myndi nýtast fyrir börn sín líka. Helst vildu þær fá aðstoð við að aðlaga líf sitt og barna sinna að breyttum aðstæðum eftir að þær fluttu og hófu nám. Þar vó þyngst aðstoð við að finna leiðir og skipuleggja hvernig best sé að samræma fjölskyldulíf og nám, og hvað taki við að námi loknu. Nokkuð var um að börn þeirra hafi þurft að glíma við erfiðleika sem þær



vildu fá aðstoð við og eins þótti nokkrum þeirra gott að vita af því að slík þjónusta stæði til boða þó svo að þær þyrftu ekki á henni að halda nákvæmlega núna. Ein sagði:

*Já ég myndi nýta mér fría ráðgjöf, það er alltaf gott að geta blásið og talað við einhvern sem getur leiðbeint um lausnir fyrir námsfólk sem eru í einhverjum kreppum, hvernig sem þær eru.*

Viðmælendur voru spurðar um hvernig heilsa þeirra og líðan hefði verið síðastliðið skólaár og má segja að um helmingur hafi verið við góða heilsu almennt en hinar lýsa slæmu tímabili heilsufarslega og þá frekar andlega en líkamlega. Flestar tala um mikið álag í náminu en einnig streitu tengda því að vera langt í burtu frá aðstandendum sem annars myndu geta aðstoðað á álagstímum. Í heildina segja þær að börnunum líði vel á Ásbrú og hafi líðan barnanna einnig haft jákvæð áhrif á líðan þeirra sjálfra. Nokkrar tala um góðan stuðning sem þær hafa fengið hjá námsráðgjafa Keilis þegar vanlíðan og erfiðleikar urðu miklir. Ein orðaði það svona:

*Heilsan mín var fín og ef ég var eitthvað að bugast útaf náminu þá var hægt að tala við námsráðgjafa sem var mjög gott, nemendur hafa greiðan aðgang að henni. Það er mjög vel haldið utan um nemendur hérna.*

Aðspurðar um áhrif breyttrar fjárhagsstöðu almennings eftir október 2008 sögðust nær allar mæðurnar hafa fundið nokkuð fyrir breyttum samfélagsaðstæðum undanfarið. Það er þá fyrst og fremst fjárhagslega en hafi einnig komið nokkuð niður á andlegri heilsu þeirra, m.a. komu fram eftirfarandi atriði:

*..námslán lækkar á meðan allt annað hækkar; ég þurfti að skera mikið niður og fór að kaupa ódýrari og óhollari mat; efnahagshrunið leggst mjög þungt í fólk hérna og stundum líður mér eins og það sé enginn morgundagur.*

Flestar nefna að efnahagshrunið hafi haft “niðurdrepandi áhrif” á staðnum, en margir námsfélagar hafi orðið illa úti og mikil og neikvæð umræða verið ríkjandi. Bæði þetta og bein áhrif á aðstæður þeirra sjálfra hafi virkað allt annað en uppbyggilega fyrir þær. Þrátt fyrir þetta lýstu flestar einstæðu mæðurnar jákvæðum áhrifum sem flutningur og búseta á Ásbrú hefur haft á þeirra líf, m.a. kom fram eftirfarandi:

*Mér finnst ég hafa þroskast um 10 ár á þessu; Ég er að byrja lífið upp á nýtt og er alveg rosalega ánægð og vil ekki breyta því; Ég komst hingað og er að gera það sem mig langar til að vera að gera og gæti ekki verið sáttari, ég er rosalega heppin að hafa getað gert þetta.*

### 3.6.1 Skilnaðareynsla

Spurt var út í skilnaðarferlið en hér verður þó ekki greint sérstaklega frá niðurstöðum þess hluta heldur aðeins stikað á stóru um það efni. Nánari greining verður birt síðar í tengslum við umfangsmeiri rannsókn á fjölskyldutengslum og samvistum foreldra og barna eftir skilnað. Það sem viðmælendur rannsóknarinnar eiga sameiginlegt í þessu efni er að hafa skilið við barnsföður sinn á síðasta hálfu til átta árum. Þær eiga nú börn á aldrinum eins árs til 18 ára sem flest búa með þeim á Ásbrú, aðeins í einu tilviki eru börnin búsett hjá föður sínum. Í viðtalinu voru þær spurðar ítarlega um skilnaðinn, skilnaðartímabilið og tengsl innan fjölskyldunnar eftir skilnaðinn.

Þessir skilnaðir voru eins ólíkir og þeir eru margir, en flestir voru þeir tilfinningalega erfiðir. Nokkuð var misjafnt hvor aðilinn var mest áfram um skilnaðinn og hvort um sameiginlega ákvörðun hafi verið að ræða. Aðeins fjórar höfðu fengið aðstoð eða ráðgjöf fagaðila á skilnaðartímabilinu. Fjölskyldur kvennanna voru mismikið inni í málunum en reyndu í flestum tilfellum að styðja þær í gegnum þetta áttatímabil. Mjög takmörkuð samskipti virtust vera við fyrrverandi tengdafjölskyldu, þ.e. ömmur og afa barnanna, hjá þeim flestum.

Þar sem í öllum tilvikum voru börn til staðar þegar skilnaðurinn varð þurfti að huga að fyrirkomulagi á samvistum foreldra og barna. Í átta tilvikum eru foreldrarnir með sameiginlega forsjá barna sinna en í þremur tilvikum eru mæðurnar með forsjá. Lögheimilin eru í flestum tilvikum hjá móðurinni og algengasta samvistarformið við það foreldri sem barnið býr ekki hjá (föður í lang flestum tilvikum) er önnur hver helgi. Misjafnt var hversu vel því fyrirkomulagi var framfylgt og voru bæði dæmi um að börn höfðu litlar sem engar samvistir við föður annars vegar og hins vegar að þau dveldust nánast alfarið hjá föður.

Viðmælendur greindu frá hinum ýmsu breytingum sem urðu í lífi barnanna við skilnaðinn. Sem dæmi má nefna minni lífsgæði (frístundastarf, fjölskylduumgengni) meiri fjárhagserfiðleikar, nýtt umhverfi og önnur fjölskyldueining. Margar sögðu frá ósk barnanna um að foreldrarnir tækju aftur saman og þau yrðu aftur fjölskylda. Aðspurðar um fjölskyldustuðning (þ.e. frá upprunafjölskyldu) fyrir og eftir skilnað kom fram að í flestum tilvikum varð engin breyting þar á og í einhverjum varð sá stuðningur meiri eftir skilnað.

Kynslóðatengsl og samskipti foreldra og barna breytast óhjákvæmilega á einhvern hátt eftir skilnað, og ýmist verða þau veikari eða sterkari. Í um helmingi tilvika

höfðu tengsl barna við ömmu og afa (ýmist föður- eða móðurmegin) aukist eftir skilnað, í nokkrum tilfellum varð engin breyting þar á, í örfáum tilfellum höfðu þau minnkað og einnig voru dæmi um að þau höfðu rofnað alveg. Tengsl mæðranna við börn sín virtust yfirleitt ekkert breytast og höfðu í nokkrum tilfellum orðið meiri og sterkari. Tengsl barnanna við föður voru einnig að mati mæðranna sögð nokkuð svipuð og áður, en höfðu þó veikst í einhverjum tilfellum. Þegar á heildina er litið virtust þessar einstæðu mæður flestar telja að það væri komið nýtt jafnvægi á fjölskylduna eftir skilnaðinn og þær sáttar og bjartsýnar á framtíðina.

## 4 Umræða og ályktanir

Rannsóknin nær til 604 námsmanna Keilis og íbúa Ásbrúar. Svörun var í heild mjög góð (69%) og af þeim sem svöruðu könnuninni voru konur 69% og karlar 31%. Eins og að framan greinir tengist tilurð þessarar rannsóknar upplýsingum sem m.a. komu fram í fyrirlestri Árna Sigfússonar bæjarstóra, *Tími til að lifa og njóta þrátt fyrir þrengingar*, sem fluttur var á málþingi *Mentors*, félags félagsráðgjafarnema, í Háskóla Íslands í ársbyrjun 2009. Þar kom fram mikil aukning í fjölda einstæðra foreldra, einkum mæðra. Önnur hvatning til þess að kanna fjölskylduaðstæður og lífsgæði fjölskyldna á Keili/Ásbrú voru hinar breyttu samfélagsaðstæður í kjölfar bankahruns haustið 2008. Segja má að jákvæðar undirtektir og mikill áhugi á framkvæmd könnunarinnar endurspeglir þá áherslu sem lögð er á málefni fjölskyldna í Reykjanesbæ.

Draga má fram nokkur atriði úr niðurstöðum rannsóknarinnar í hnotskurn.

- Þegar svarendum rannsóknarinnar var skipt upp eftir fjölskyldugerð voru einstæðir foreldrar annar stærsti hópurinn, 21% sem er hærra hlutfall en skipting fjölskyldugerða á landsvísu sýnir.
- Rétt innan við 60% allra þátttakenda eiga börn.
- 53% foreldra í rannsókninni hafa slitið samvistum.
- Meðal barnafjölskyldna eru einstæðir foreldrar sá hópur sem er oftast og í mestu námi, en 85% þeirra stunda að jafnaði 100% nám.
- Einstæðir foreldrar stunda í minnstum mæli, 37%, vinnu samhliða námi af öllum fjölskyldugerðum.
- Þeir sem búa einir hafa helst orðið fyrir seinkun í námi en svarendur úr kjarnafjölskyldu og einstæðir foreldrar hafa í minnstum mæli orðið fyrir seinkun í námi.
- Aðeins 6% einstæðra foreldra taldi að efnahagshrunið hafi ekki haft nein áhrif á sig en 47% meðal svarenda úr kjarnafjölskyldum. Rúmlega helmingur einstæðra foreldra taldi efnahagshrunið hafa haft áhrif á lífsgæði barna sinna og rétt innan við 40% töldu hrunið hafa haft áhrif á fjölskyldulíf. Þessir þættir voru hærri hjá einstæðum foreldrum en öllum hinum fjölskyldugerðunum.

- Einstæðir foreldrar eru stærsti hópurinn (92%) sem segjast mundu nýta sér ráðgjöf eða meðferðarþjónustu sem stæði þeim til boða að kostnaðarlausu.
- Líðan og heilsa einstæðra foreldra í rannsókninni er þegar á heildina er litið lakari en heilsa þátttakenda úr öðrum fjölskyldugerðum. Það sem einstæðir foreldrar í rannsókninni hafa helst fundið fyrir í frekari mæli en aðrir er depurð, örvænting, ótti og viðkvæmni. Sá hópur hefur einnig frekar upplifað vonbrigði, fengið grátköst, verið annars hugar, átt erfitt með einbeitingu, verið lystarlaus og fundið fyrir bakverkjum. Af þessu má álykta að einstæðir foreldrar standi almennt heilsufarslega verr að vígi en aðrir foreldrar.
- Einstæðir foreldrar nýta sér síst alla fjölskyldugerða fríar rútuferðir til og frá Ásbrú.
- Samvistamynstur barna við það foreldri sem það býr ekki hjá virðist breytast við myndun nýrrar fjölskyldugerðar.

Þegar á heildina er litið sýna niðurstöður að einstæðu foreldrarnir í rannsókninni skera sig úr sem fjölskyldugerð á margvíslegan hátt. Svo virðist sem þeir nýti sér betur bæði húsnæðisaðstæðurnar og námsaðstöðuna. Þessar aðstæður virðast gera þeim kleift að helga sig betur náminu sem má sjá á því að einstæðir foreldrar í rannsókninni voru í þeim hópi sem var í hlutfallslega mestu námi og stundaði síst vinnu með námi. Þetta bendir jafnframt til þess að fjölskyldufólk er ákveðnara í að ljúka námi sem hafið er en einstaklingar sem ekki eru með fjölskylduábyrgð.

Annað sem skiptir máli fyrir einstæða foreldra og sem hefur skipt miklu um lífsgæði þeirra er húsnæðismál en hér kom fram að einstæðir foreldrar sem búa á Ásbrú búa við svipaðar aðstæður og kjarnafjölskyldur, ólíkt því sem almennt gildir í þessu efni (samanber inngangskafla). Hins vegar ber að líta á að þær breyttu efnahagsaðstæður sem íslenskur almenningur glímir við um þessar mundir virðist hér koma harðar niður á lífsgæðum einstæðra foreldra en hinna. Þótt ekki liggi fyrir tölur til samanburðar um ólíkar afleiðingar efnahagshrunsins eftir fjölskyldugerð rennir þetta stöðum undir það sem almennt hefur komið fram (samanber inngangskafla) að þessi fjölskyldugerð er berskjaldari en aðrar gagnvart skertum ytri skilyrðum. Þannig má segja að þótt ytri aðstæður séu hagstæðar, eins og hér á við, má minna útaf bera til að vellíðan og jafnvægi þeirra fjölskyldna raskist. Þetta kom fram í því að einstæðir foreldrar segja í mun minni mæli (6%) en aðrir (47% svarenda úr kjarnafjölskyldu) að efnahagshrunið hafi ekki haft

áhrif á líf þeirra sjálfra. Sömuleiðis segja einstæðir foreldrar í mun frekari mæli (52%) en foreldrar í kjarnafjölskyldum (33%) að það hafi haft áhrif á lífsgæði barn sinna .

Einstæðir foreldrar hafa oftast þörf fyrir stuðning og ráðgjöf, og eins og fram kom í niðurstöðum rannsóknarinnar eru þeir sá hópur sem telur sig mest (92%) myndi nýta ráðgjöf/meðferðarþjónustu sem væri þeim og/eða börnum þeirra að kostnaðarlausu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það sem áður hefur komið fram í íslenskum skilnaðarannsóknum um að vaxandi viðurkenning virðist vera á þörf fyrir ráðgjöf og upplýsingar fyrir fjölskyldur vegna skilnaðar. Í rannsókn frá árinu 2000 taldi um fjórðungur einstæðra foreldra þörf á slíkri aðstoð en um helmingur svaraði sömu spurningu játandi árið 2008. Þar kom einnig fram að 94% fráskilinn foreldra töldu þörf á sértækri ráðgjöf og fræðslu innan opinberrar þjónustu um málefni stjúp-fjölskyldna. (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000; Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Af þessu má álykta að þörfin á slíkri þjónustu virðist mest hópi einstæðra foreldra sem oft geta síst greitt fyrir slíkja þjónustu.

Þegar breytingar verða í lífi fólks, líkt og við skilnað, hefur það jafnan áhrif á heilsufar þess og því var mikilvægt að spyrja um heilsufar svarenda. Í ljós kom að einstæðir foreldrar bjuggu við lakari heilsu, bæði andlega og líkamlega, en einstaklingar úr öðrum fjölskyldugerðum. Í framangreindri rannsókn á sameiginlegri forsjá var spurt um heilsufar þátttakenda sl. 6 mánuði. Hér má mátti sjá nokkuð aðra mynd sem einkum kom fram í því að andleg heilsa einstæðra foreldra í þessari rannsókn var betri samanborið við framangreinda rannsókn frá 2000 fyrri rannsókn en líkamleg heilsa var aftur á móti lakari, þeir fundu í frekari mæli fyrir maga-, bak- og höfuðverkjum og áttu frekar erfitt með svefn.

Samvistir skinaðarbarns og foreldris sem það býr ekki hjá geta verið mjög breytilegar og misjafnar eftir atvikum að aðstæðum. Þegar fyrirkomulag samvista í rannsókninni er borið saman við niðurstöður áður nefndrar rannsóknar frá 2008 kemur í ljós að börn námsmanna á Ásbrú virðast eiga minni samvistir við hitt foreldrið en þar kom fram. Hér reyndust 5% barna dvelja jafnlengi hjá báðum foreldrum en í fyrri rannsókn kom fram að 24% barna byggju við slíkt fyrirkomulag. Að sama skapi áttu 14% barna í þessari rannsókn engar samvistir við hitt foreldrið en aðeins 2% barna úr fyrri rannsókn. Þetta sýnir að staðsetning og umhverfi barna er áhrifamikil breyta varðandi samvistir og umgengni. Jafnframt kom fram í rannsókninni að munur var á samvistum

barna einstæðra foreldra og í samsettum eða stjúp fjölskyldum þannig virðast samvistir barna og foreldris, sem það býr ekki hjá, minnka við myndun nýrrar fjölskyldugerðar.

Til viðbótar við það sem fram hefur komið á grundvelli spurningalistans fengu þátttakendur að tjá sig í opnum spurningum um kosti og galla þess að búa á Ásbrú (í Reykjanesbæ) og stunda nám við Keili. Í heildina má segja að óskir þáttakenda um betrubætur á svæðinu hafi verið skýrar og jafnframt hafi almenn ánægja komið fram, bæði hvað varðar búsetu á Ásbrú og nám hjá Keili. Það jákvæða við búsetu á Ásbrú tengdist fyrst og fremst umhverfinu og staðsetningunni, einnig er það fjárhagslega hakvæmt, m.a. þar sem það býður upp á góðan húsnæðiskost. Neikvæðu atriðin tengdust einnig umhverfi og staðsetningu, sem og samgöngum og þjónustu. Varðandi nám við Keili, tengdist það hagstæða við námið uppbyggingu þess ásamt staðsetningunni, en það erfiða við námið tengdist kostnaðinum annars vegar og staðsetningunni hins vegar. Til þess að þessi hópur geti hugsað sé búsetu í Reykjanesbæ að loknu námi er áhersla lögð á betri þjónustu, aukna atvinnuöguleika, betri samgöngur og hagkvæmni í húsnæðismálum.

Af því sem fram hefur komið má draga þá ályktun að það sem þurfi að huga að á svæðinu séu einkum samgöngur og þjónusta, en þau atriði fá þeim mun meira vægi þar sem kvartað er um staðhætti og enn meira um óhagstætt veðurfar. Þótt ekki sé gerlegt að hafa áhrif á veðurfar geta hagstæðar samgöngur og skipulag umhverfisins haft mikil áhrif til að draga úr áhrifum slæms veðurfars á lífsgæði fólks.

Eins og kunnugt er úr öðrum rannsóknum og er vikið er að hér að framan, eru einstæðir foreldrar og börn þeirra í áhættuhópi. Þannig má álykta að það að búa þeim hagstæðar aðstæður hvað snertir húsnæði og nám megi í raun og veru líta á sem fyrsta stigs forvörn. Þegar ákveðinn samfélagshópur, eða eins og hér um ræðir, ákveðin fjölskyldugerð, á meira undir högg að sækja en aðrir, þá getur það skipt sköpum að möguleiki sé á aðstoð, ráðgjöf og fræðslu til þess að ráða betur við aðstæðurnar. Með slíkri þjónustu má koma í veg fyrir frekari afleiðingar af vanda sem upp er komin en það felur þá í sér annars stigs forvörn. Það er í anda nútíma forvarnarhugsunar að gefa foreldrum sem hafa lakari forsendur en aðrir, ekki síst einstæðum mæðrum, kost á viðtalsþjónustu og það var greinilega skýr ósk einstæðra foreldra sem tóku þátt í rannsókninni.

Heildarmyndin af persónulegum viðtölum við ellefu einstæðar mæður um aðstæður þeirra og barnanna á Ásbrú staðfestir og dýpkar þá mynd sem fram kom í spurningakönnuninni.

Með vísun í markmið rannsóknarinnar og rannsóknarspurningarnar: (1) *Hvað einkennir lífsgæði og fjölskylduaðstæður íbúa Ásbrúar og námsmanna Keilis?* (2) *Eflast einstæðir foreldrar sem fá tækifæri og stuðning frá samfélaginu í eigin bjargráðum?* má álykta að þeim megi svara á þann veg að (1) nokkuð skýr mynd hafi fengist af lífsgæðum og fjölskylduaðstæðum svarenda rannsóknarinnar sem einkennist af fjölskylduvænu og hagstæðu umhverfi fyrir námsmenn og fjölskyldur þeirra en þó skorti á þjónustu á svæðinu og bættar samgöngur til þess að efla lífsgæði íbúanna.

Svarið við seinni spurningunni (2) er jákvætt á þann hátt sem m.a. kemur fram í því að einstæðir foreldrar nýta sér húsnaði, námsmöguleika og þjónustu á markvissan hátt og aðstæðurnar skapa þeim forsendur til einbeitingu og friðar ásamt meiri tíma til samveru með börnunum.

Samkvæmt niðurstöðum persónulegu viðtalanna virðist sem, námsaðstaða og húsnaði hjá Keili/Ásbrú stuðli, þegar á heildina er litið, að því að opna einstæðum mæðrum nýja möguleika og áþreifanlega leið til að styrkja sig á erfiðu skeiði í lífinu. Þær virðast hafa getað nýtt sér kostina, bæði umgjörð (húsnaði, nám, þjónusta) og innviði (aðstoð, stuðningur, kyrrð og einbeiting) til þess að vega upp á móti neikvæðum hliðum þess að búa á afskekktum stað einangraðar frá fjölskyldu og vinum. Þótt betur megi ef duga skal er óhætt að álykta að skilnaðarreynslan og breyttar aðstæður barnanna hafi hér getað umbreytt úr vanda og vonleysi í nýja lífs- og framtíðarsýn.



## Heimildir

- Árni Sigfússon. (2009). *Tími til að lifa og njóta þrátt fyrir þrengingar*. Erindi flutt á ráðstefnu félagsráðgjafanema við HÍ 25. febrúar 2009 í Háskóla Íslands.
- Benedikt Jóhannsson. (2007). *Börn og fjölskylduaðstæður – könnun. Áfram ábyrgð. Áhrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta*. Reykjanesbær: Kjalarnesprófastsdæmi og Reykjanesbær.
- Brandon, P.D. & Fisher, G.A. (2001). The Dissolution of Joint Living Arrangements among Single Parents and Children: Does Welfare Make a Difference? *Social Science Quarterly*, 82(1), 1-19.
- Cairney, J., Boyle, M., Offord, D. & Racine, R. (2003). Stress, social support and depression in single and married mothers. *Soc Psychiatry Psychiatr Epidemiol*, 38, 442-449.
- Cook, K., Davis, E. & Davies, B. (2007). Discrepancy between expected and actual child support payments: predicting the health and health-related quality of life of children living in low-income, single-parent families. *Child: care, health and development*, 34(2), 267-275.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (apríl 2009). *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Mannfjöldi eftir sveitarfélagi*. Sótt 20. júní 2009 af [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).
- Hernandez, R.L., Aranda, B.E. & Ramírez, M.T. (2009). Depression and Quality of Life for Woman in Single-parent and Nuclear Families. *The Spanish Journal of Psychology*, 12(1), 171-183.
- Landshagir. (2008). *Fjölskyldustaða eftir kyni og landsvæðum 1998-2008, %*. Sótt 3. september 2009 af <http://www.hagstofa.is/Pages/2151>.
- Keilir. (e.d.). *Keilir. Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs*. Sótt 10. september 2008 af [www.keilir.net](http://www.keilir.net).
- Musick, K. & Mare, R.D. (2006). Recent trends in the inheritance of poverty and family structure. *Social Science Research*, 35, 471-499.
- Sigrún Júlíusdóttir, Nanna K. Sigurðardóttir, Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (1995). *Barna fjölskyldur. Samfélag - Lífsgildi - Mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

- Sigrún Júlísdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2007). Börn og skilnaðir: Breyting á lífsgæðum (erindi). *Áfram ábyrgð. Áhrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta*. Reykjanesbær: Kjalarnesprófastsdæmi og Reykjanesbær.
- Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda – rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 4(58), bls. 465-495.
- Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar. (Apríl 2009). *Ásbrú. Samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs*. Fréttabréf, 1(1).

## Um ritröðina

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, RBF, gefur út þessa ritröð í samstarfi við Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf, *Ís-Forsa*.

Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf, *Ís-Forsa*, er félag þeirra sem vilja styðja við og efla rannsóknir í félagsráðgjöf. Félagið var stofnað árið 2002 en áður höfðu verið stofnuð sambærileg samtök, FORSA (forskning i socialt arbete), á öllum Norðurlöndunum um rannsóknir í félagsráðgjöf.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, RBF, var stofnuð vorið 2006. Markmið þess er að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði félagsráðgjafar, einkum um málefni fjölskyldna. Meðal hlutverka þess er að miðla vísindalegri þekkingu um félagsráðgjöf og kynna niðurstöður rannsókna með útgáfu fræðilegs efnis.

Markmiðið með útgáfu ritraðarinnar er að skapa vettvang á Íslandi til að gefa út lengri fræðilegar ritsmíðar um efni á sviði félagsráðgjafar sem ekki henta til birtingar í tímaritum eins og *Tímariti félagsráðgjafa* eða í fréttablöðum fagfélaga. Hlutverk ritraðarinnar er þannig að miðla faglegri þekkingu sem hefur vísindalegt og hagnýtt gildi fyrir félagsráðgjafa og þá sem starfa á skyldum sviðum og sem annars yrði e.t.v. ekki birt. Hér er skapaður vettvangur til að birta afrakstur rannsókna í félagsráðgjöf sem ekki er tilbúinn til endanlegrar útgáfu eða verk sem eru enn í vinnslu (working papers), skýrslur um verkefni og styttri útgáfur valdra námsritgerða. Fyrirmyndir að slíkum ritröðum er að finna hjá rannsóknastofnunum, í útgáfu fagtímarita og á vegum fagfélaga í félagsráðgjöf í nágrannalöndunum.

### **Áskrift**

Gert er ráð fyrir að ritröðin komi út eftir því sem efni berst og að hvert rit geti verið mismunandi að lengd. Þannig verður líka upplag og verð hvers rits ákveðið um leið og það kemur út. Útgáfa nýs heftis verður kynnt á heimasíðum RBF og *Ís-Forsa* og auglýsing send Félagsráðgjafafélagi Íslands. Þeir sem vilja gerast áskrifendur eru beðnir um að senda tölvupóst á heimasíðu RBF þar sem nafn greiðanda, kennitala og heimilisfang er tilgreint og verður þeim þá sent ritið í pósti ásamt gíróseðli.

### **Ritstjórn**

Ritstjóri ritraðarinnar er Sigrún Júlíusdóttir. Ritstjórn er hjá framkvæmdanefnd RBF og fulltrúa stjórnar *Ís-Forsa*.

### **Til höfundar**

Efni sem höfundar óska eftir að fá birt skal senda verkefnisstjóra RBF. Handriti skal skilað fullbúnu hvað snertir málfar, yfirlestur og frágang. Það á að vera í A-4 umbroti, með 12 punkta letri og heimildaskrá skal vera eftir APA kerfinu. Handritið skal hafa forsíðu með heiti, undirheiti, nafni höfundar og tímasetningu.